



SAMEYKI

Tímarit Sameykis / 4. töl. 2022 / sameyki.is

Öld auðhyggju eða samhyggju?

Sjálfstæðismenn hika ekki við að koma fram með frumvarp til laga sem myndi stórskaða verkalýðsfélögin. Í nafni frelsis skal samtakaréttur almennings skertur. Réttur vinnandi fólks og frelsi skal fórnað á altari fyrirtækja og auðmanna. Sigurður Pétursson, sagnfræðingur, sögu verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi til dagsins í dag.

>> Bls. 24

Mikilvægi íslenskukunnáttu og íslenskukennslu

Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslensku, skrifar að eigi íslenska að halda stöðu sinni sem aðal tungumál landsins við þessar aðstæður þarf að gera stóratök í að kenna þeim sem hingað koma málið.

>> Bls. 30

Kröfugerðir Sameykis

Niðurstaða flestra í Sameyki er að kalla eftir áframhaldi krónutöluhækkunum að því gefnu að hækkanir séu nægar til að veita upp verðbólguþáttinn og tryggja áframhaldandi aukningu kaupmáttar.

>> Bls. 10

Velsæld fyrir alla

Heiður Margrét Björnsdóttir, hagfræðingur hjá BSRB, segir í skrifum sínum að staðreyndirnar tali sínu máli í frumvarpi til fjárlagalaða sem birtist nú í nóvember. Velsæld er ekki höfð að leiðarljósi þegar pólitískar ákvarðanir um forgangsröðun eru teknar. Hún segir að þar verðum við að gera betur ef við ætlum að leysa þær stóru samfélagslegu áskoranir sem við stöndum frammi fyrir og líta jafnframt til afleiðinga þess að ávarpa þær ávallt út frá skammtíma stöðu ríkissjóðs.

>> Bls. 20



SAMEYKI

Málþing um kulnun Streita og mataræði tengjast náið **Fulltrúaráð Sameykis** Stjórnvöld snúi af leið einkavæðingar **Fjárlagafrumvarpið** Hækkun gjalda og veiking á almannajónustunni **Samfélag** Byrði umönnunarþilins **Sjálfbærni** Hegðunarmynstur, vinnutími og loftslagsmál **Sjósund** Áhrif og ávinningur sjósunds á heilsu fólks **Orkunotkun** Ábyrgð í orkunotkun og matvælaöryggi **Stappað í matargatið** Jólasósan **Af vettvangi Sameykis**

Ábyrgðarmaður
Þórarinn Eyfjörð

Ritstjóri
Axel Jón Ellenarson

Greinarhöfundar

Berglind Sunna Bragadóttir
Bryngeir A. Bryngeirsson
Davíð Örn Jóhannsson
Eiríkur Rögnvaldsson
Guðmundur D. Haraldsson
Guðmundur Freyr Sveinsson
Halldór Baldursson
Haraldur Jónasson
Heiður Margrét Björnsdóttir
Helena Sigurbergsdóttir
Kristófer Ingi Svavarsson
Maya Staub
Sigurður Pétursson
Þórunn Magnúsdóttir

Prófarkalestur

Bjarni Benedikt Björnsson

Forsíðumynd

Birgir Ísleifur Gunnarsson

Skrifstofa Sameykis

Grettisgata 89 - 105 Reykjavík
Símar: 525 8340 / 525 8330
Netfang: sameyki@sameyki.is
Veffang: sameyki.is
ISSN: 1670-881

EFNISYFIRLIT

- 6** Kjarasamningar og kröfugerðir Sameykis
- 10** Stjórnvöld snúi af leið einkavæðingar
- 14** Streita og mataræði tengjast náð
- 18** Áhrif og ávinningur sjósunds
- 19** Mennsk menntun fyrir fullorðið fólk
- 20** Velsæld fyrir alla
- 23** Ábyrgð í orkunotkun og matvælaöryggi
- 25** Öld auðhyggju eða samhyggju?
- 30** Mikilvægi íslenskukunnáttu og íslenskukennslu
- 35** Byrði umönnunarþilsins
- 36** Hegðunarmynstur, vinnutími og loftslagsmál
- 38** Rétti tíminn
- 39** 8.000.000.000 manna, ágrind og Jesúbarnið
- 40** Breyttir tímar
- 42** Jólasósan - vinur á jólum
- 44** Af vettvangi Sameykis
- 46** Krossgátur

Prentun

Prentmet Oddi. Tímarit Sameykis er prentað á umhverfisvænan og svansvottaðan pappír úr hringrásarferli Svansins. Einnig er tímaritið prentað með svansvottuðum jurtalitum en ekki jarðolíulitum.



Kaupmáttarrýrnun er stefna ríkisstjórnarinnar

Víð ætlum ekki skemma jólahátíðina fyrir fólki ... þó auðvitað viljum við sjá að fari að hægja á.“ Þetta sagði Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri í fréttum eftir að hafa þrengt að kaupmætti almennings með tíundu stýrivaxtahækkun sinni í röð. Stýrivaxtahækkanir koma verst niður á ungum barnafjölskyldum og láglæna- og millitekjufólki sem er að reyna að koma sér upp heimili og byggja bjarta framtíð. Frábært útspil Seðlabankans í miðjum kjarasamningsviðræðum á almennum markaði. Húrra fyrir þér!

Hverjir bera ábyrgð á þessari hókuspókushagstjórn sem bitnar verst á almennu launafólki? Það er auðvitað ríkisstjórnin og ráðherrar hennar ásamt seðlabankastjóra, þó hann villi skella skuldinni á tásueigendur á Tene. Fólkið í flabeinsturninum hefur engan áhuga á högum almennings og heldur því fram í sínum bergmálshelli að þjóðin liggi afvelta undan ströndum Afríku takandi tásummyndir af sér á snjallsímana sína. Þetta segir Ásgeir Jónsson að sé raunveruleikinn hjá þjóðinni og það stjórnir stýrivaxtahækkunum hans með góðfúslegu samþykki Katrínar & Co.

Nú hækkar matvöruverð og einnig húsnæðislán. Rekstur heimilanna rýkur upp og laun duga ekki til framfærslu. Fjórða hvert heimili í landinu, rúmlega 38 þúsund manns, áttu erfitt með að ná endum saman árið 2021 og hvað þá nú. Í þessum hópi eru m.a. 52 prósent heimila einstæðra foreldra á Íslandi. Kjarasamningar eru að sigla í strand og stjórnvöld sem eiga að bera ábyrgð á ríkisfjármálum henda þeirri ábyrgð á almenning. Á sama tíma eru tekjustofnar ríkisins vannýttir; bankaskattar, fjármagnstekjuskattar, auðlegðarskattar, hvalrekaskattar og hækkun auðlindagjalda. Ríkisstjórn íhalds og nýfrjálshyggju leggur til að rekstur samfélagsins, innviðanna, komi lóðbeint úr launaumslagi almennings á sama tíma og verðmætustu eignir okkar

eru afhentar útvöldum. Það er vaðið áfram á móti þjóðarvilja og mjólkurkúnum slátrað. Íslandsbanki hagnaðist um rúma 30 milljarða 2020 og 2021. Þennan hagnað ætlar Bjarni Benediktsson að færa útvöldum til framtíðar. Húrra fyrir þér!

„Þetta er að ganga hægar en við höfðum vonað og gengið hefur aftur veikst sem er vegna viðskiptahalla,“ sagði seðlabankastjórinn um leið og hann kynnti metnaðarfulla áætlun um að reita krónurnar af launafólki til að færa bönkunum. Nú skal beita aðferðum sem duga og setja almenningi stólinn fyrir dyrnar; það verða engar fleiri tásummyndir frá Tene! Þá hækka ég stýrivextina bara enn meira og þið skuluð nú fá að kaupa nauðsynjavörur á alveg nýju verði; rándýrara smjör, rándýrara brauð og rándýrara álegg út í búð – því allar þessar hækkanir velta út í vöruverð og almennt verðlag.

Það er með miklum ólíkindum að stjórnvöld hagi sér nú eins og þeim komi ekki við hvað er að gerast á vinnumarkaði. Flestallir kjarasamningar eru að losna á næstu fjórum mánuðum og stærstu stéttarfélag landsins eru núna í viðkvæmum kjarasamningsviðræðum á almennum markaði. Ef núverandi stjórnvöld hefðu einhvern snefl af áhuga á að styrkja samfélag okkar á þessari stundu, myndu þau kynna metnaðarfullar aðgerðir til að vernda þá verst stöddu í samfélaginu, hugmyndir um stórtækar aðgerðir í húsnæðismálum, gagngerar breytingar á skattkerfinu og á tekjulíkani ríkis og sveitarfélaga, umpólun á auðlinda- og fiskeldisgjaldi, o.fl., o.fl. En ríkisstjórnin hefur enga framtíðarsýn fyrir almenning í landinu. Hennar áhugi beinist að því að hlaða meira og hraðar undir ríka og fína fólkið og koma í veg fyrir þann óþverra að almenningur skuli mynda tærnar sínar á Tene.

Húrra fyrir ykkur! ■



Þórarinn Eyfjörð
Formaður Sameykis

Stofnun ársins 2022

Valið á Stofnun ársins byggir á svörum um 25.000 manns sem starfa á opinberum vinnumarkaði.

Niðurstöðurnar gefa stjórnendum tækifæri til að vinna að umbótum á starfsumhverfi vinnustaðarins.

Taktu þátt í viðhorfskönnuninni á **sameyki.is**



SAMEYKI

Könnun Sameykis Stofnun ársins 2022 er komin á fulla ferð

Könnunin á Stofnun ársins hófst í nóvember þar sem kannað er meðal félagsfólks hvernig því líður á vinnustaðnum sínum. Allir sem klára könnunina fara sjálfkrafa í happdrættispott. Úr hópi svarenda Sameykis verða alls dregirnir 12 spennandi vinningar úr innsendum svörum. Við minnum þátttakendur á að geyma happdrættisnúmerið sitt sem kemur fram í tölvupóstbréfinu sem fylgir könnuninni.

Vinningsnúmer verða birt í apríl á vef Sameykis. Gallup, sem sér um framkvæmd könnunarinnar, hefur einnig samband við vinningshafa með tölvupósti.

Viðhorfskönnun

Viðhorfskönnunin Stofnun ársins 2022 hefur verið send til allra félaga í Sameyki og vonar félagið að þátttakan verði góð eins og áður. Könnunin er unnin af Gallup og er samstarfsverkefni Sameykis,



Fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Reykjavíkurborgar. Könnunin nær til rúmlega 25.000 manns sem starfa á opinberum vinnumarkaði.

Tilgangur


Tilgangur könnunarinnar er í fyrsta

lagi að velja stofnun ársins og gefa þannig þeim stofnunum viðurkenningu sem skara fram úr í mannauðsmálum. Í öðru lagi að veita stjórnendum upplýsingar um hvað er vel gert og hvað megi bæta frá sjónarhóli starfsfólksins og þannig gera stjórnendum kleift að vinna að umbótum á starfsumhverfi vinnustaðarins.

Málþing

Stofnun ársins stendur fyrir málþingi í tengslum við könnunina um mannauðsmál. Á síðasta ári var umfjöllunarefni málþingsins Vöxtur og vellíðan í betri vinnutíma. Þar kom fram að það sé hlutverk stjórnenda stofnana að hrósa sínu fólki á vinnustaðnum og leiða þannig vinnustaðinn til vellíðunar og öryggis.

Viðurkenningar verða veittar þeim vinnustöðum sem skarað hafa fram úr á árinu 2022. Sjá nánari upplýsingar um Stofnun ársins á bls. 33. ■



Sameyki óskar eftir orlofshúsum til leigu

Sameyki óskar eftir að taka á leigu íbúð eða orlofshús á Norðurlandi, Austurlandi og Vesturlandi frá 1. maí til 1. september 2023. Húsnæðið þarf að vera í mjög góðu ástandi og gistipláss þurfa vera fyrir 4-6 manns.

Allar frekari upplýsingar veita Ólafur Hallgrímsson, rekstrarstjóri fasteigna orlofssjóðs Sameykis, í síma 896 1470 eða á netfangið oli@sameyki.is og Harpa Björk Hilmarsdóttir, verkefnastjóri orlofsmála í síma 525 8355 eða á netfangið harpa@sameyki.is



Grettisgötu 89 • 105 Reykjavík • Opíð frá 9:00-16:00 • Sími: 525 8330 • sameyki@sameyki.is

Nýr starfsmaður hjá Sameyki



Sameyki hefur ráðið Izabelu Miller í starf verkefnastjóra sjóða í félagsdeild Sameykis. Hún er pólsk að uppruna og bjó stutt frá Gdansk í Póllandi og gekk þar menntaveginna þar til hún flutti til Íslands 2011.

Izabella hóf skólagöngu

eftir komuna til landsins og starfaði fyrstu árin á leikskóla í Kópavogi áður en hún fór að vinna fyrir verkalyðsfélagið Eflingu. Hún segist hafa lært íslenskuna af börnunum í leikskólanum í Kópavogi.

Izabela er mikill bókaormur og les um hundrað bækur á ári eftir pólska höfunda. Uppáhaldsbækur hennar eru sakamálasögur. Hún er fædd 17. ágúst 1994 í Póllandi og býr með manni sínum í Kópavogi. ■

Styrktarsjóðir sameinast og nýjar reglur taka gildi

Félagsfólk Sameykis hefur átt aðild að tveimur sjúkrasjóðum frá árinu 2019 þegar StRv og SFR sameinuðust í Sameyki stéttarfélagi í almannajónustu. Um næstu áramót verða hóparnir sameinaðir í einum sjóði, Styrktar- og sjúkrasjóði Sameykis. Réttindi félagsfólks færast þannig í sameinaðan sjóð þar sem sérstaklega verður hugað að réttindum og stigin skref til einföldunar á afgreiðslu styrkja. Stærsta breytingin verður að styrkir verða ekki lengur á almanaksári heldur á 12 mánaða tímabili. Nánari kynning verður á úthlutunarreglum þegar nær dregur áramótum, en breytingar taka gildi um áramót. Félagsfólk í Sameyki getur sótt um sjúkradagpeninga og styrki vegna heilsuefingar í sameinaðan Styrktar- og sjúkrasjóð Sameykis frá og með næstu áramótum.

Formaður Sameykis, Þórarinn Eyfjörð, segir að með því að færa alla starfssemina yfir í einn sjóð munu þessi verkefni færast nær hlutverki félagsins og tengsl við félagsfólk verði nánari. Auk þess hefur félagið fjölgað í starfsmannahópi sjóðsins sem sér um verkefnastjórn og afgreiðslu.



Þórarinn Eyfjörð segir að með þessari breytingu að sameina sjóðina í einn styrktarsjóð Sameykis muni félagið geta haldið betur og skýrar utan um félagsfólk.

Ljósmynd/BIG


Markmiðið er að að gera enn betur og efla þjónustuna. Nýjar úthlutunarreglur verða tiltækar á vefsíðu Sameykis um áramótið og gott er að kynna sér þær vel áður en sótt er um styrki á Mínum síðum. ■

Óleiðréttur launamunur 10,2% árið 2021

Í skýrslu Hagstofu Íslands um launamun kynjanna á vinnumarkaði kemur fram að óleiðréttur launamunur karla og kvenna var 10,2% árið 2021 og dróst saman frá fyrra ári úr 11,9%. Launamunur jókst eftir aldri og var munurinn 0,9% á meðal 24 ára og yngri, 10% í aldurshópnum 35-44 ára og 16,7% meðal 55-64 ára. Mikill munur var á launamun eftir atvinnugreinum. Í fjármála- og váttryggingastarfsemi var munurinn 29,7% en minnstur í rafmagns- gas og hitaveitum eða 4,3%.

Launamunur karla og kvenna eftir starfsstétt var á bilinu 0,5% hjá skrifstofufólki og 21,5% á meðal tækna og sérmenntaðs starfsfólks. Ein helsta skýring þess launamunar sem er til staðar á Íslandi er kynbundin skipting í störf og atvinnugreinar samanber rannsókn á launamun karla og kvenna sem kom út árið 2021. Þar kemur fram að um 43% kvenna sem voru á vinnumarkaði árið 2019 störfuðu hjá hinu opinbera en einungis um 15% karla. Launamunur var 13,9% á almennum vinnumarkaði, 10% hjá

Óleiðréttur launamunur karla og kvenna eftir atvinnugrein 2021



Heimild: Hagstofa Íslands

starfsfólki ríkisins og 6,1% á meðal starfsfólks sveitarfélaga.

Hlutfallslega fleiri konur í lægri launuðum störfum en karlar

Launadreifing eftir kyni fyrir allan vinnumarkaðinn sýnir áhrif kynskipts vinnumarkaðar þar sem hlutfallslega fleiri konur eru í lægra launuðum störfum en karlar. Þeir raðast frekar á hægri hala dreifingarinnar þar sem tímakaup er hærra. Auk þess vinna karlar að jafnaði meiri yfirvinnu en konur og eru því með hærra tímakaup.

Hátt hlutfall yfirvinnustunda hefur áhrif til hækkunar á tímakaupi þar sem yfirvinnustund er að jafnaði dýrari en dagvinnustund.

Óleiðréttur launamunur er samanburður á meðaltali og þar sem laun eru almennt ekki normaldreifð þá hafa útgildi (há laun) áhrif til hækkunar á meðaltali. Þar sem algengara er að karlar séu með laun í hæsta launastigi getur það því ýkt launamuninn. ■

Heimild: Hagstofa Íslands. Skoða má skýrsluna á vef Hagstofunnar.



Kjarasamningar og kröfugerðir Sameykis

Eftir Guðmund Frey Sveinsson

Nú á haustmánuðum stóð Sameyki fyrir morgunverðarfundum með félagsfólki um land allt. Í Reykjavík voru haldnir 6 fundir, þar ef einn sem var sérstaklega miðaður að félagsfólki af erlendum uppruna, en auk þess voru fundir á Selfossi, Akranesi, Ísafirði, Blönduósi, Sauðárkróki, Akureyri og Egilsstöðum. Markmiðið með fundunum er að koma á virkara samtali á milli skrifstofu Sameykis og félagsfólks um kjara- og efnahagsmál í aðdraganda kjarasamningsgerðar.

Á fundunum fór Þórarinn Eyfjörð formaður Sameykis yfir stöðuna í efnahagsmálum og Guðmundur Frey Sveinsson deildarstjóri kjaradeildar ræddi um reynsluna af síðustu kjarasamningum. Í kjölfarið var fundarfólki skipt í umræðuhópa sem skilðu af sér niðurstöðum um hver markmið næstu kjarasamninga ættu að vera.

Það er skemmst frá því að segja að mikill samhljómur var á

milli funda varðandi þau áherslumál sem félagsfólk Sameykis vill sjá á komandi misserum og hér kemur stutt samantekt á þeim atriðum:

Krónutöluhækkanir

Töluvert var rætt um kauphækkanir í komandi kjarasamningum og útfærslur þeirra. Þekkt er að prósentuhækkanir gefa þeim sem er á hæstu launinum flestar krónur í kauphækkanir en krónutöluhækkanir leggjast jafnt á alla og reiknast því sem hærri prósentuhækkanir á lægri launin. Félagsfólk sem tók þátt í morgunverðarfundunum lagði í umræðum sínum mikla áherslu á að auka kaupmátt en flestir hafa fundið fyrir rýrnun hans á árinu í kjölfar þess að verðbólgan fór af stað. Reynslan af krónutöluhækkunum síðustu kjarasamninga virðist vera góð að mati fundarfólks og niðurstaða flestra hópa var að kalla eftir áframhaldi krónutöluhækkana og blandaðri leið fyrir millitekjuhópana. Lögð verði áhersla á að launahækkanir séu nægar til að vega upp verðbólguþáttinn og tryggja áframhaldandi aukningu kaupmáttar.



er þessi launamunur 16,7% en auðvitað er hann mismikill eftir mismunandi störfum og geirum atvinnulífsins. Með samkomulagi sem ríkið og sveitarfélögin gerðu við heildarsamtök launafólks um jöfnun lífeyrisréttinda milli markaða árið 2016, skuldbundu opinberir aðilar sig til að jafna þennan launamun á næstu 6–10 árum. Þrátt fyrir að nú séu liðin 6 ár hefur ekki komið ein einasta króna til skiptanna sem byggir á umræddu samkomulagi og því gerir félagsfólk kröfu um að verkin verði látin tala á næstu misserum.

Stytting vinnuvikunnar, dag- og vaktavinna, viðveruákvæði

Stærstu breytingar á vinnutíma frá því um áramótin 1970–1971 áttu sér stað í kjölfar síðustu kjarasamninga þegar heimilt var að færa vinnuvikuna niður í 36 stundir

“

Annað sem tekist var á um í innleiðingarferli styttingarinnar á vinnustöðum varðar svokölluð „skrepp á vinnutíma“. Í stuttu máli sagt vill starfsfólk tryggja að því sé heimilt að sinna nauðsynlegum heilsu- og fjölskyldumálum þegar þau ber upp á vinnutíma án þess að það hafi áhrif á vinnuskil eða laun.

með sérstöku vinnustaðasamkomulagi og umfangsmikil kerfisbreyting var innleidd í vaktavinnu sem skilar vinnuviku á bilinu 32–36 stundir.

Breytingarnar voru viðamiklar og kröfðust mikils samráðs á hverjum vinnustað fyrir sig milli starfsmanna og stjórnenda eins og þekkt er varðandi skipulag og útfærslu vinnutíma, t.d. vegna endurskipulagningar á verkefnum og töku neysluhléa. Víða hefur náðst góð sátt um þá hluti en þar sem enn er tekist á um útfærslu, hvort heldur sem er neysluhléa eða skipulags vaktkerfa, er óskað eftir nánari útfærslu á leikreglum hvað þetta varðar, t.d. skilgreind neysluhlé og fastan vaktahvata milli tímabila til að koma í veg fyrir sveiflur í launum.

Annað sem tekist var á um í innleiðingarferli styttingarinnar á vinnustöðum varðar svokölluð „skrepp á vinnutíma“. Í stuttu máli sagt vill starfsfólk tryggja að því sé heimilt að sinna nauðsynlegum heilsu- og fjölskyldumálum þegar þau ber upp á vinnutíma án þess að það hafi áhrif á vinnuskil eða laun. Á þetta t.a.m. við um læknisferðir, mæðraskoðun, sjúkrapjálfun, foreldraviðtöl og jarðarfari.

Að lokum er vert að taka fram að mikil ánægja ríkir með styttingu vinnuvikunnar. Félagsfólk nýtur þess að hafa aukinn tíma fyrir sig og fjölskyldur sínar og margir töluðu



Foreldrar og forráðafólk á oft á tíðum fullt í fangi með að sinna fjölskylduskyldum sínum þegar kemur að börnum á leik- og grunnskólaaldri þar sem vinnudagar eru að meðaltali 219 á ári að teknu tilliti til 30 daga orlofs og 11 rauðra daga en skólaskylda er að hámarki 180 dagar, þar af 10 dagar skertir.

um að styttingin væri ein besta kjarabót sem fengist hefði á síðustu árum. Þar af leiðandi yrði að festa hana betur í sessi og sníða af þá ágalla sem fram hafa komið, samanber ofangreind atriði.

Aðfangadagur og gamlársdagur

Samkvæmt kjarasamningum telst tíminn frá kl. 8–12 á aðfangadag og gamlársdag hluti af árlegri vinnuskyldu þegar þá ber upp á virka daga. Undantekningalaust fór félagsfólk sem mætti á morgunverðarfundina fram á að þessir dagar yrðu skilgreindir að fullu sem stórhátíðardagar.

Réttur vegna starfsdaga og vetrarfría

Foreldrar og forráðafólk á oft á tíðum fullt í fangi með að sinna fjölskylduskyldum sínum þegar kemur að börnum á leik- og grunnskólaaldri þar sem vinnudagar eru að meðaltali 219 á ári að teknu tilliti til 30 daga orlofs og 11 rauðra daga en skólaskylda er að hámarki 180 dagar, þar af 10 dagar skertir. Þarna munar því um 8 vikum á hverju ári sem foreldrar eru að störfum á meðan börn þeirra eru ekki í skóla. Það er því eindregin krafa þessa hóps að tekið verði tillit til foreldra og forráðamanna á starfsdögum og í vetrarfríum barna í leik- og grunnskólum þannig að þeim sé gert kleift að sinna þeirri fjölskylduábyrgð sem lífið krefst með leyfi á launum þessa daga.

Réttur á launuðu leyfi vegna nákominna, veikindi og andlát Mikið hefur verið rætt á morgunverðarfundunum um útvíkkun á kjarasamningsgrein sem fjallar um rétt vegna



Einnig er stór hópur á vinnumarkaði með erlendan uppruna og það getur því verið um langan veg að fara og tímafrekt ferðalag fyrir þá einstaklinga sem þurfa að bregðast við andláti nákominna sem falla frá erlendis. Þessum starfsmönnum þarf að tryggja rétt til þess að fylgja sínum nánustu til grafar, möguleika þeirra að vera til staðar með fjölskyldum sínum erlendis og á sorgarstundum.

veikinda barna undir 13 ára aldri en hún gefur foreldrum rétt til launa vegna veikinda barna sinna í 12 daga á ári. Krafan er að rétturinn nái til barna að 18 ára aldri og að hún þurfi að taka tillit til fjölda barna starfsfólks en nú er sami réttur, hvort sem fólk á eitt barn eða fleiri.

Sömuleiðis er skýr krafa um að greinin verði að ná til annarra náinna fjölskyldumeðlima, s.s. maka og aldraðra foreldra en við sem stóðum að fundunum lærðum nýtt hugtak á ferðum okkar um landið, sem er „samlokukynslóðin“. Þeir sem tilheyra samlokukynslóðinni er fólk sem hvort tveggja tekur ábyrgð á börnum sínum og öldruðum foreldrum á sama tíma og veit því vel hversu krefjandi það er með fullu starfi en um leið mikilvægt og nauðsynlegt hlutverk í samfélaginu.

Að lokum kom fram krafa vegna andláts nákominna en að svo stöddu hefur aðeins Samband íslenskra sveitarfélaga fallist á kröfu um leyfi á launum vegna andláts nákominna. Allir vita sem reynt hafa að starfsfólk er sjaldnast starfshæft í kjölfar slíks áfalls auk þess sem í mörg horn þarf að líta á næstu dögum á eftir. Einnig er stór hópur á vinnumarkaði með erlendan uppruna og það getur því verið um langan veg að fara og tímafrekt ferðalag fyrir þá einstaklinga sem þurfa að bregðast við andláti nákominna sem falla frá erlendis. Þessum starfsmönnum þarf að tryggja rétt til þess að fylgja sínum nánustu til grafar, möguleika þeirra að vera til staðar með fjölskyldum sínum erlendis og á sorgarstundum.

Heimavinna

Covid kom til landsins á sama tíma og skrifað var undir síðustu kjarasamninga. Í kjölfarið breyttist margt í vinnuumhverfi og alþekkt var að starfsfólk stundaði svokallaða heimavinnu eða fjarvinnu frá sínum vinnustað sem sóttvarnaráðstöfun. Reynslan hefur sýnt að bæði starfsmenn og stjórnendur sjá kosti í slíkri ráðstöfun en um hana er hvergi fjallað í kjarasamningum. Á mörgum morgunverðarfundum kom því fram krafa um ákveðnar leikreglur varðandi heimavinnu, t.d. að launagreiðendur tryggi starfsmönnum allan þann búnað sem þarf til að búa starfsfólki heilsusamlegt og öruggt starfsumhverfi t.d. varðandi skrifstofubúnað og netöryggi. Sömuleiðis gerir félagsfólk kröfu um greiðslu fæðisfjár þar sem ekki er aðgangur að mótuneyti í slíkri aðstöðu og oft heilmikið sem

starfsfólk þarf að leggja til á neyslutímum, bæði varðandi mat og húsbúnað.

Kröfur gagnvart hinu opinbera og bætt samfélag

Auðvitað var margt annað sem kom fram í morgunverðarfundunum og fjölmörg önnur atriði sem þurfa að komast að í kröfugerðum gagnvart mismunandi samningsaðilum. Kröfur félagsfólks um réttlátara og betra samfélag eru ekki einungis beint á borði einstakra samningsaðila, heldur eiga einnig vel heima í baráttu BSRB og annarra heildarsamtaka launafólks, s.s. hækkun á persónuafslætti, aukinn þrepaskiptur skattur, lækkun skatta á lægstu laun og innheimta á sérstökum hátekjuskatti, svo ekki sé minnst á svokallaðan hvalrekaskatt gagnvart þeim sem fá upp í hendurnar gríðarlegar eignir. Einnig nefnir félagsfólk oft á tíðum afnám verðtryggingar á skuldir eða verðtryggingu á laun vegna þeirrar kaupmáttarrýrnunar sem getur komið fram í aukinni verðbólgu. Þá hefur oft verið nefnt að taka þurfi húsnæðisliðinn út úr vísitölu neysluverðs þar sem hækkun húsnæðisverðs á síðustu árum hefur keyrt upp mælingar á verðbólgu og hækkað verðtryggð lán með sambærilegum hætti.

Að lokum

Þegar þetta er skrifað hafa samningsaðilar á almenna vinnumarkaðnum fundað í nokkurn tíma vegna þeirra kjarasamninga sem runnu út 1. nóvember síðastliðinn. Viðræður hafa ekki skilað tilætluðum árangri og hafa bæði VR og Starfsgreinasambandið þegar vísað viðræðum við SA til ríkissáttasemjara. Ýmsar kröfur endurspeglast bæði á almenna og opinbera vinnumarkaðnum og því er spennandi að sjá hver þróunin og árangurinn verður af viðræðum þar á næstu misserum en eins og kunnugt er losna flestir samningar á opinbera markaðnum 31. mars 2023. Þá liggur vonandi fyrir góður árangur af þeim viðræðum sem nú standa yfir og hægt að fylgja þeim eftir á nýju ári, þannig að íslenskur vinnumarkaður haldi áfram að þróast í átt að auknum kaupmætti og auknum lífsgæðum starfsfólks í landinu, í góðu samkomulagi allra aðila. ■

Höfundur er deildarstjóri kjaradeildar Sameyki.

Stjórnvöld snúi af leið einkavæðingar

Eftir Axel Jón Ellenarson



Fulltrúaráð Sameykis kom saman í lok október. Þórarinn Eyfjörð, formaður Sameykis, setti fundinn með því að kynna fyrir fulltrúum málefni Sameykis á árinu sem senn er liðið. Þórarinn fjallaði um félagsfundaherferð sem Sameyki stóð fyrir á árinu um allt land, styttingu vinnuvikunnar, samkomulagið sem gert var árið 2016 um jöfnun launa milli markaða. Verkefnið er í komið í ákveðinn farveg, þar sem Sameyki fundar í hverri viku með fulltrúum ríkis og sveitarfélaga um hvernig megi efna það. Þá fór hann yfir fleiri mikilvæg málefni félagsins á árinu eins og erlent samstarf, störf Trúnaðarmannaráðs, kjaramál, orlofsmál og útgáfumál, Stofnun ársins og verkalyðspólítík Sameykis.

Fjársvelt heilbrigðiskerfi

Sagði Þórarinn að Sameyki ræki verkalyðspólítík m.a. til að veita stjórnvöldum nauðsynlegt aðhald og slíkt væri einnig nauðsynlegt til að vekja athygli almennings á að verja þarf áunnin réttindi launafólks og að sækja kjarabætur í umhverfi



með rýrnandi kaupmætti og framfærslukrísunni sem fólk er í vegna vaxtahækkana sem mikil áhrif hafa á húsnæðislán, aðallega hjá ungum barnafjölskyldum, og hækkandi verðlags. Þá sagði hann að félagið tæki varðstöðu með grunnþjónustunni gegn einkavæðingarstefnu stjórnvalda. Fulltrúaráð Sameykis ályktaði á fundinum um einkavæðingu ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur í heilbrigðiskerfinu. Þá skoraði ráðið á stjórnvöld að efla heilbrigðiskerfið og krafðist þess að ríkisstjórnin sneri af sveltistefnu sinni í heilbrigðiskerfinu. Einnig krafðist fulltrúaráðið þess að íslenskt heilbrigðiskerfi væri aðgengilegt öllum án tillits til greiðslugetu eða efnahags, enda bæri að

fjármagna heilbrigðiskerfið úr sameiginlegum sjóðum allra landsmanna.

Fulltrúaráð mótmælir einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar í heilbrigðiskerfinu

Fulltrúaráð Sameykis mótmælir harðlega einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar í heilbrigðiskerfinu. Á fundi með starfsfólki Vífilsstaða tilkynnti Runólfur Pálsson, forstjóri Landspítala, og Guðlaug Rákel Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri meðferðarsviðs spítalans, að samið hefði verið um yfirtöku Heilsuverndar, einkarekins fyrirtækis í heilbrigðisþjónustu, á rekstri Vífilsstaða. Ekki er langt síðan Heilsuvernd tók yfir rekstur á dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri.

Ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur hafði sagt að heilbrigðisstofnunin á Vífilsstöðum yrði ekki einkavædd. Fulltrúaráð Sameykis gagnrýnir harðlega ríkisstjórnina að ganga á bak orða sinna og næra stefnu frjálslyggjunnar sem birtist í að fjársvelta heilbrigðisstofnanir. Markmið ríkisstjórnarinnar er klárt; að einkavæða opinberar stofnanir með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir skjólstæðinga stofnananna og starfsfólk þeirra.

Fulltrúaráð Sameykis mótmælir sveltistefnu ríkisstjórnarinnar sem er til þess ætluð að opna fyrir einkavæðingu grunnstoða velferðarsamfélagsins. Mikill meirihluti landsmanna vill að heilbrigðisþjónustan sé alfarið í opinberum rekstri og hafnar aukinni einkavæðingu. Aukin einkavæðing mun einungis skila dýrari þjónustu fyrir allan almenning, sem hafður verður að féþúfu fyrir arðsemisfreka einkaaðila.

Fulltrúaráð Sameykis skorar á stjórnvöld að efla heilbrigðiskerfið og snúa af leið einkavæðingarinnar. Fulltrúaráðið krefst þess að íslenskt heilbrigðiskerfi sé aðgengilegt öllum án tillits til greiðslugetu eða efnahags, enda ber að fjármagna heilbrigðiskerfið úr sameiginlegum sjóðum allra landsmanna. Undirfjármögnun heilbrigðiskerfisins er staðreynd, enda útgjöld til málaflöksins hlutfallslega lægst á Íslandi af öllum Norðurlöndunum og vanfjármögnun heilbrigðiskerfisins þarf að stöðva án tafar.

Einkavæðing Strætó bs.

Fulltrúaráð Sameykis samþykkti einnig á fundi sínum ályktun og mótmælti harðlega áætlun sveitarfélaganna um að einkavæða Strætó bs. og segir í ályktuninni að Fulltrúaráð Sameykis óttist að einkavæðing Strætó bs.



muni koma illa niður á starfsfólki, almennu launafólki, efnalítlu fólki og námsfólki. „Fulltrúaráðið krefst þess að öllum áformum um einkavæðingu Strætó bs. verði tafarlaust hætt og gangsett verði áætlun samfélagslegrar velferðar sem styrki Strætó bs. til framtíðar.“

Fulltrúaráð Sameykis mótmælir harðlega áætlun sveitarfélaganna að einkavæða Strætó bs.

Strætó bs. hefur í hyggju að útvista öllum leiðum í leiðakerfi strætisvagna félagsins til einkaaðila. Magnús Örn Guðmundsson, formaður stjórnar Strætó, segir að við blasi að bjóða út reksturinn. Undir það tekur stjórnin öll og framkvæmdastjóri Strætó bs.

Í stjórn Strætó bs. sitja: Magnús Már Guðmundsson, formaður stjórnar fyrir Sjálfstæðisflokkinn á Seltjarnarnesi, Alexandra Briem, varaformaður stjórnar fyrir Pírata í Reykjavík. Stjórnarmenn eru: Andri Steinn Hilmarsson, Sjálfstæðisflokki í Kópavogi, Kristín Thoroddsen, Sjálfstæðisflokki í Hafnarfirði, Hrannar Bragi Eyjólfsson, Sjálfstæðisflokki í Garðabæ og Lovísa Jónsdóttir, Viðreisn í Mosfellsbæ.

Það er augljóst að með einkavæðingu aksturshluta Strætó bs. verður þjónusta við notendur dýrari, eins og dæmin sanna. Ef af þessum áformum verður mun að öllum líkindum öllum vagnstjórum félagsins og starfsmönnum í stoðþjónustu við vagnana verða sagt upp störfum og dýrmæt reynsla og þekking glatast.

Fulltrúaráð Sameykis gagnrýnir harðlega stjórn sveitarfélaganna sem eiga Strætó bs.; Reykjavíkurborg, Garðabæ, Hafnarfjarðarbæ, Kópavogsbæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesbæ fyrir að veita ekki nægilegu fé til rekstrarins og standa ekki í fætturna gagnvart ríkinu, sem ekki stóð við að veita fé til rekstrarins í COVID-19 faraldrinum. Þá gagnrýnir Fulltrúaráð Sameykis hvernig haldið hefur verið um rekstur félagsins af hendi sveitarfélaganna og stjórnenda.

Strætó er byggðasamlag um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu sem starfar á grundvelli stofnsamnings frá 7. maí 2001 og þar segir í gr. 5.8. að framkvæmdastjóri beri ábyrgð á stjórn fyrirtækisins. Fulltrúaráð gerir sér grein fyrir að stjórnin skýli sér bak við hann með sínar áætlanir um að bjóða út reksturinn, en fulltrúar sveitarfélaganna í fyrirtækinu bera ábyrgðina í þessari feigðarför Strætó bs.

Fulltrúaráð Sameykis óttast að einkavæðing Strætó bs. muni koma illa niður á starfsfólki, almennu launafólki, efnalítlu fólki og námsfólki. Fulltrúaráðið krefst þess að öllum áformum um einkavæðingu Strætó bs. verði tafarlaust hætt og gangsett verði áætlun samfélagslegrar velferðar sem styrki Strætó bs. til framtíðar.

Rætt var við Pétur Karlsson vagnstjóra hjá Strætó bs. og trúnaðarmann Sameykis á vinnustaðnum á vef Sameykis. Þar sagði hann m.a. að með einkavæðingu aksturshluta Strætó bs. myndi reynsla tapast, þjónustan minnka og fólk missa vinnuna. ■



Heilbrigðiskerfið hefur verið undir miklu álagi undanfarin ár. Vegna langvarandi álags gætir flóttu úr ýmsum fagstéttum sem bætist ofan á þann mönnunarvanda sem þegar er uppi í heilbrigðiskerfinu. Þrátt fyrir þessa stöðu lækka rekstrarframlög til heilbrigðiskerfisins á hvern íbúa samkvæmt frumvarpinu.

Hækkun gjalda og veiking á almannapjónustunni

Eftir Axel Jón Ellenarson
Ljósmynd: Sigurður Ólafur Sigurðsson



Ríkisstjórnin sendir launafólki skýr skilaboð með fjárlagafrumvarpinu um að kjarabætur verði eingöngu sóttar við kjarasamningsborðið. Þetta er meðal þess sem fram kemur í umsögn BSRB um frumvarpið. Í umsögn bandalagsins segir enn fremur að frumvarpið lýsi hagkerfi þar sem einkaneysla hefur aldrei verið sterkari og

kaupmáttaraukning mikil en ekki sé tekið tillit til þeirra rúmlega 38 þúsund heimila sem áttu erfitt með að ná endum saman árið 2021.

Hækkun almennra gjalda leggst þyngst á tekjulága

Með hækkun almennra gjalda eru lagðar jafnar byrðar á alla landsmenn, sem óhjákvæmilega leggjast hlutfallslega þyngst á lágttekjufólk. Að mati BSRB er tekjuöflun hjá þeim sem hafa svigrúm til að greiða hærri skatta skynsamlegri til að bæta stöðu ríkisfjármála.

“

Vegna langvarandi álags gætir flóttu úr ýmsum fagstéttum sem bætist ofan á þann mönnunarvanda sem þegar er uppi í heilbrigðiskerfinu.

Það vekur furðu bandalagsins að ríkisstjórnin skuli ekki nýta tekjuhlið fjárlaga til þess að lækka skuldir, ná jafnvægi í rekstri ríkissjóðs, styrkja grunnþjónustu og bæta stöðu þeirra hópa sem eiga erfitt með að ná endum saman. Í því samhengi mætti til dæmis nefna hátekjuskatt, eignaskatta, bankaskatt, hækkun fjármagnstekjuskatts og hærri hlutdeild

almennings af tekjum fyrir afnot af sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar.

Aðhald og niðurskurður en engin heildstæð áætlun

Útgjaldakafli frumvarpsins endurómar áherslu á aðhald og niðurskurð. Þar birtist með skýrum hætti sú stefna að jafnvægi í ríkisfjármálum eigi að ná með skertri opinberri þjónustu en ekki aukinni tekjuöflun.

Með boðuðum niðurskurði á árinu 2023 er í frumvarpinu tiltekið að þessi stefnumörkun feli til lengri tíma í sér áherslu á bætta nýtingu fjármuna og forgangsroðun verkefna innan núgildandi útgjaldaramma. Það þýðir að skera þarf niður opinbera þjónustu á einum stað eigi að bæta hana á öðrum. Í umsögninni óskar BSRB eftir heildstæðri áætlun til næstu ára hvað þetta varðar og segir að án slíkrar áætlunar verður stefnan handahófskennd og ræðst af sveiflum í hagkerfinu en ekki stefnumörkun.

Fjársvelt heilbrigðiskerfi

Heilbrigðiskerfið hefur verið undir miklu álagi undanfarin ár. Vegna langvarandi álags gætir flóttu úr ýmsum fagstéttum sem bætist ofan á þann mönnunarfanda sem þegar er uppi í heilbrigðiskerfinu. Þrátt fyrir þessa stöðu lækka rekstrarframlög til heilbrigðiskerfisins á hvern íbúa samkvæmt frumvarpinu. Ríkisstjórnin verður að skýra hvernig sú útgjaldastefna sem birtist í frumvarpinu á að koma til móts við þarfir fyrir lögbundna heilbrigðisþjónustu og hvernig hún ætlar að ná markmiðum sínum um að efla mönnun, heilbrigðisþjónustu á réttu þjónustustigi og ásætlanlegan biðtíma, segir í umsögninni.

Húsnæðismál, stuðningur við barnafjölskyldur

Í komandi kjarasamningum munu samtök launafólks horfa til samspils launa og annarra þátta. Þar vega húsnæðismál, stuðningur við barnafjölskyldur, almanna- og atvinnuleysistryggingar þýngst. BSRB leggur ríka áherslu á hraða uppbyggingu almennra íbúða og umtalsverða fjölgun þeirra á næstu árum til að tryggja húsnæðisöryggi launafólks í lægri tekjuhópum og að byrði húsnæðiskostnaðar verði ekki umfram 25 prósent af ráðstöfunartekjum.

BSRB segir að það hafi lengi kallað eftir stórefldu barnabótakerfi á Íslandi. Núverandi kerfi sé ekki fullnægjandi og mikilvægt sé að breyta því þannig að barnabætur byrji ekki að skerðast fyrr en meðaltekjum er náð. Þá leggur BSRB áherslu á að breyta þurfi fæðingarorlofskerfinu þannig að þau sem eru með allra lægstu launin haldi óskertum tekjum í fæðingarorlofi. Að mati bandalagsins þarf líka að hækka hámarksfjárhæð fæðingarorlofs, sem hefur verið óbreytt um árabil, þannig að það miðist við að minnsta kosti 80 prósent af meðallaunum.

Á undanförunum árum hafa bætur almannatrygginga hækkað til samræmis við verðlag en ekki launaþróun. Það þýðir að tekin hefur verið pólitísk ákvörðun að auka á ójöfnuð lífeyrispega gagnvart öðrum hópum samfélagsins. Langtímaatvinnuleysi er að aukast og því er að mati BSRB mikilvægt að lengja aftur tryggingatímabilið í 36 mánuði og auka þjónustu við atvinnuleitendur. Þá krefst BSRB þess



Konur eru að jafnaði með lægri tekjur en karlar. Þá eru mun fleiri konur einstæðir foreldrar en karlar. Almennar gjaldahækkanir líkt og boðaðar eru á tekjuhlið frumvarpsins koma verst niður á þeim sem lægst hafa launin og þar með í meira mæli konum. Veiking grunnþjónustunnar hefur einnig margþætt neikvæð áhrif á stöðu kvenna í samfélaginu og raunrýrnun lífeyris hefur að jafnaði neikvæðari áhrif á konur en karla.

að atvinnuleysistryggingar hækki hlutfallslega til jafns við almannatryggingar og fylgi launaþróun.

Almennar gjaldahækkanir og veiking grunnþjónustu bitna meira á konum

Konur eru að jafnaði með lægri tekjur en karlar. Þá eru mun fleiri konur einstæðir foreldrar en karlar. Almennar gjaldahækkanir líkt og boðaðar eru á tekjuhlið frumvarpsins koma verst niður á þeim sem lægst hafa launin og þar með í meira mæli konum. Veiking grunnþjónustunnar hefur einnig margþætt neikvæð áhrif á stöðu kvenna í samfélaginu og raunrýrnun lífeyris hefur að jafnaði neikvæðari áhrif á konur en karla.

BSRB telur að ríkissjóður eigi að leggja sitt af mörkum til að styðja betur við fólk í lægri tekjuhópnum og með þunga framfærslubyrði ásamt að styrkja almannatryggingar til að auka velsæld og bæta kjör og starfsumhverfi þeirra sem veita þjónustuna.

Lesi má umsögn BSRB um fjárlagafrumvarpið í heild sinni á vef Sameykis. ■

Heimild: BSRB. Höfundar umsagnar frumvarpsins fyrir hönd BSRB eru Sigríður Ingibjörg Ingadóttir og Heiður Margrét Björnsdóttir, hagfræðingar bandalagsins.



Í upphafi nóvember stóð Heilbrigðis- og velferðarnefnd Sameykis fyrir málþingi þar sem umræðuefnið var kulnun á vinnumarkaði.

Streita og mataræði tengjast náið

Eftir Axel Jón Ellenarson



Í upphafi nóvember stóð Heilbrigðis- og velferðarnefnd Sameykis fyrir málþingi þar sem umræðuefnið var kulnun á vinnumarkaði. Málþingið var vel sótt og rúmlega hundrað félagar í Sameyki lögðu leið sína í félagamiðstöðina á Grettisgötu 89 til að hlýða á erindi. Því var einnig streymt á Facebook; samfélagsmiðli Sameykis.

Ólafía Lilja Sævarsdóttir, formaður Heilbrigðis- og velferðarnefndar Sameykis setti málþingið og bauð gesti velkomna.

Leggur ekkert inn, tekur bara út

Ragnhildur Þórðardóttir, sálfræðingur og þjálfari, betur þekkt sem Ragga nagli, kom fram í streymi á Facebook-síðu Sameykis og sagði að hún hefði ekki skilið muninn á stressi og kulnun þegar hún var yngri, áður en hún fór að kynna sér fyrirbærið. „Fólk kvartaði yfir stressi og sagðist ekki geta mætt í vinnuna.

Ég hugsaði þá: Nú, er hann sem sagt bara aumingi?“ sagði Ragnhildur og benti jafnframt á að sem betur fer hefði samfélagið lært að þekkja að til er streita og kulnun. Hún fjallaði um líkamlegan þátt streitunnar og hvernig hún birtist í skrokknum.

Hún sagði að langvarandi streita sem ekki væri brugðist við lýsti sér þannig að líkaminn brygðist við streitunni með því að keyra upp kortisol og adrenalínframleiðslu, sem aftur hefði þau áhrif að boðefnabúskapur líkamans færi úr jafnvægi. Fólk færi að glíma við svefnvandamál, exem og ofnæmi, kynhvöt minnkaði vegna þess að líkaminn sparaði orku, og sveiflur kæmu fram í þyngdaraukningu. Aukin fitusöfnun á líkamanum og á kvið eru þekkt dæmi og geta verið merki um mikla streitu. Önnur dæmi nefndi Ragga eins og vefjagigt og síþreytu.

„Einkenni streitu eru helst þau að fólk hefur ekki tíma til að sinna þeim verkefnum sem lögð eru á það. Kvíði fer að koma fram, skapsveiflur og svefntruflanir gera vart við sig, jafnvel neikvæðni. Rauð viðvörðun er viðvarandi pirringur og við erum uppfyll af sektarkennd og við förum að gleyma því sem við gleymdum ekki áður. Þá fara meltingartruflanir að gera vart við sig og minnstu

verkefni stressa okkur," sagði Ragga nagli og fór hratt yfir sögu, enda undir 20 mínútna tímapressu málþingsstjóra.

Hún lýsti að þegar kulnun væri komin á alvarlegt stig kæmu fram viðvarandi svefntruflanir, ofurviðkvæmni og grátur og minnstu verkefni yrðu ófyrstíganleg. Lýsa mætti kulnun í þremur stigum; gulri viðvörðun, rauðri viðvörðun og fárviðri.

Ragga nagli sagði að aðrir algengir þættir í lífinu yllu streitu, svo sem álag í vinnu, neikvætt sjálfstal, kvíði og sjálfsefi, erfiður yfirmaður, fjármálaáhyggjur, félagsleg einangrun o.fl.

Hjálpleg bjargráð við þessu væru t.d. samtalsmeðferð, að efla félagsleg tengsl, stunda reglubundna göngutúra og passa upp á að segja nei við verkefnum ef fólki fyndist vera komið nóg. „Með því að segja já við auknu álagi erum við að segja nei við fjölskylduna og okkur sjálf," sagði Ragga nagli að lokum.

„Við erum að kósí okkur í drasl“

Geir Gunnar Markússon, næringarfræðingur hjá NLFÍ, fjallaði á málþinginu með stórskemmtilegum hætti um mataræði sem

“

Fólk þarf að fara að borða meira af ávöxtum, grænmeti og grófkorni og athugið, við þurfum ekki að dauðhreinsa öll matvæli því smá mold á grænmeti sem fólk ræktar út í garði er bara holl og góð fyrir þarmaflóruna. Reynið, börnin mín, að borða heilnæma fæðu, ávexti í stað hvíts sykurs. Viljið þið gera það fyrir mig börnin mín, að hætta að drekka Pepsí Max.

meðferð við kulnun – mátt matarins. Sagði Geir Gunnar að sér lægi mikið á hjarta og að mátturinn til að forðast kulnun fælist m.a. í betra mataræði.

„Við læknum ekki kulnun með því að borða bara epli. Því miður borðum við oft meiri lyf en mat og hreyfingarleysi er ótrúlega mikið hjá okkur. Börnin mín, við erum undir gríðarlega mikilli streitu í nútímasamfélagi. Fólk er líka að kulna heima vegna

álags, samskiptin eru jafnvel erfið, veikindi eru heima fyrir o.þ.h. Nútímasamfélagið hjálpar okkur ekki í þessu og því verðum við að læra að taka ábyrgðina sjálf. Ég myndi ekki gefa fólki það að borða af 70 prósentum þess sem í boði er í stórmörkuðum. Við lifum alltof mikið á næringarsnauðum mat," sagði Geir Gunnar.

Bætti hann við að fólk reyndi að hugga sig of mikið með kósíheitum og ofgnótt matar. Það ylli streitu og streita kallaði á meira kósí og meiri óhollan mat.

Harðlífi og niðurgangur á víxl

„Fólk í kulnun borðar mjög óreglulega og sækir í sætt; kex og sætindi, einnig í fituríkan mat og þegar fólk er komið á þennan stað fer það beint í matarkúrinn og lofar sér að breyta mataræðinu. Allt þetta hefur gríðarlega mikil áhrif á meltinguna og það fer að glíma við harðlífi og svo niðurgang þar sem melting og hægðir fara úr jafnvægi. Fólk þarf að fara að borða meira af ávöxtum, grænmeti og grófkorni og athugið, við þurfum ekki að dauðhreinsa öll matvæli því smá mold á grænmeti sem fólk ræktar út í garði er bara holl og góð fyrir þarmaflóruna. Reynið, börnin mín, að borða heilnæma fæðu, ávexti í stað hvíts sykurs.



Geir Gunnar Markússon, næringarfræðingur NLFÍ, á málþingi Heilbrigðis- og velferðarnefndar Sameykis.

Viljið þið gera það fyrir mig börnin mín, að hætta að drekka Pepsí Max," bað Geir Gunnar fundargesti að lokum af mikilli einlægni.

Kulnun er starfstengt fyrirbæri

Líney Árnadóttir, sérfræðingur á forvarnasviði hjá Virk starfsendurhæfingu, sagði að hugtakið kulnun ætti ekki að nota í öðrum tilfellum en sem tengdust vinnumarkaðnum því kulnun væri tengd vinnuálagi.



Málþingið var vel sótt og félagsfólk naut þess að fræðast um heilsu, streitu og kulnum hjá fyrirlesurum.

“

Á streitufríum vinnustað líður fólki vel, afköstin verða meiri og vinnustaðurinn blómstrar. Stjórnendur þurfa að huga að því hvað þeir geti gert til að gera vinnustaðinn streitufrían til að forðast kulnun í starfi.

„Þættir eins og sjálfræði í starfi skipta miklu máli, hvernig verkin eru unnin og hvernig skipulagið er á vinnustaðnum. Fólk þarf virkilega á félagslegum stuðningi að halda í vinnunni og það drífur einstaklinginn áfram. Þannig finnur fólk tilgang. Ef þetta er ekki í lagi á vinnustaðnum hefur það áhrif til þróunar á kulnun. Ef eittrað andrúmsloft er í samskiptum á vinnustaðnum skiptir það mestu máli um hvort kulnun eigi sér stað samkvæmt rannsóknum á vinnumarkaðnum. Eitruð vinnumenning, svona innan gæsalappa, því ég vil ekki vera of harðorð, er undirrót kulnunar á vinnustað. Einkennandi þættir sem má telja upp vegna kulnunar eru: starfsfólk er ekki metið að verðleikum, starfsfólk er smánað og framkoma við það er óréttlát, unnið er gegn starfsfólki og grafið undan því og ef stjórnandi er ósanngjarn og beitir valdi og óviðeigandi hegðun.“

„Ekki hægt að jóga sig frá kulnun“

Líney benti á að ekki væri hægt að „jóga sig“ frá kulnun ef vandinn lægi hjá vinnustaðnum og í því sambandi væri áhrifaríkast að breyta vinnustaðnum.

„Það sem við þurfum að gera er að horfa á vinnustaðinn. Í kringum stjórnendur vinnustaða er starfsfólkið og saman gæti vinnustaðurinn ákveðið að vera streitufrír vinnustaður. Það er ákvörðun. Á streitufríum vinnustað líður fólki vel, afköstin verða meiri og vinnustaðurinn blómstrar. Stjórnendur þurfa að huga að því hvað þeir geti gert til að gera vinnustaðinn streitufrían til að forðast kulnun í starfi.“

Hún benti á að í verkahring stjórnenda á vinnustað væri að skapa traust og félagslegt öryggi því þeir hefðu áhrif og þyrftu að sýna starfsfólkinu áhuga. Þannig gæti vinnustaðurinn unnið sig frá streitu í velsæld.



Líney Árnadóttir fjallaði um streitustigann og heilsu fólks á vinnustaðnum.

„Vinnustaðurinn og stjórnandi hans þurfa að spyrja sig heiðarlegra spurninga um hvernig starfsfólkinu líður. Þetta eru samviskuspurningar sem varða hvern og einn starfsmann. Stjórnendur þurfa að spyrja sig einlægrar og heiðarlegrar spurningar um hvort þeir standi með starfsfólkinu eða ekki, og hvort þeir séu jafnvel í samkeppni við sitt eigið starfsfólk á vinnustaðnum,“ sagði Líney að lokum. ■

Hvert er streitustigið á þínum vinnustað?



Streitustiginn kemur úr bókinni Stop stress –
håndbog for ledere (Andersen og Kingston, 2016)

Svalur

Úrræði
Halda áfram á réttri leið.

Volgur

Úrræði
Tala við samstarfsfólk eða yfirmenn um álag.

Logandi

Úrræði
Leita aðstoðar hjá trúnaðarmanni, mannauðsstjóra, eða heilbrigðisstarfsfólki.

Bráðnaður

Úrræði
Minnka starfshlutfall í nokkrar vikur eða taka stutt veikindahlé.

Brunninn

Úrræði
Leita hjálpar án tafar.

Streitustiginn sýnir hvernig streita getur þróast. Við hvetjum starfsfólk og vinnuveitendur til þess að kynna sér hann vel og meta sína eigin stöðu út frá einkennum stigans.



Lagt upp í Viðeyjarsund.

Ljósmynd/Árni Sæberg

Áhrif og ávinningur sjósunds á heilsu fólks

Eftir Axel Jón Ellenarson



Þegar ég var ungur drengur, fyrir um 45 árum síðan eða svo, sátum við pabbi tveir einir við kvöldverðarborðið heima á Kleppsveginum. Þetta var að hausti og Viðeyjarsund og Esjan með hvíta toppa blasti við í fjarska út um eldhúsgluggann. Pabbi leit upp, benti út á sundið þar sem hvítir öldutoppar í haustkuldanum léku sér, og sagði: „Sjáðu drengur minn, þarna synti ég stundum yfir í Viðey þegar ég var unglingur,“ og rak svo gaffalinn í óskrælda kartöflu sem hann stakk upp í sig með hamsatólg og ýsu.

Það var fáheyrt að fólk styngi sér til Viðeyjarsunds á þessum árum en það kom þó fyrir að menn syntu út í sker og eyjar til að sinna brýnum verkefnum – eins og að huga að búpeningi sem þar kann að hafa verið. Núorðið er sjósund í tísku. Það er nú mikið sport að synda í Norður-Atlantshafinu. Fólk gerir það vegna heilsubótar og með hratt aukinni iðkun sjóbaða hefur verið byggð upp aðstaða fyrir þetta sport víðs vegar um landið. Fólk getur komið og dýft tánum í Atlantshafið og farið rakleitt í heita laug

á eftir. Þar með er þó ekki öll sagan sögð því sjósund getur verið háskaleikur ef ekki er farið varlega af stað og líkamanum leyft að aðlagast miklum kulda sjávarins við strendur Íslands.

Fara þarf varlega því sjórinn er hættulegur

Í útvarpi allra landsmanna heyrði ég á dögnum í tengslum við málþing hjá Fræðslunefnd NLFÍ áhugavert viðtal við sjósundgarpinn Ernu Héðinsdóttir, sem er lýðheilsufræðingur, kennari, næringarfræðingur og með próf í jákvæðri sálfræði. Hún hefur stundað sjósund sér til heilsueflingar frá árinu 2017, fyrst um sinn vegna þess að hún var orðin ráðalaus hvernig hún gæti bætt heilsu sína vegna streitu og kulnunar, auk vefjagigtar og fylgikvilla hennar. Í viðtalinu sagði Erna að nauðsynlegt væri að gæta fyllsta öryggis þegar farið væri í sjósund; nota sérstakar sjósundhettur, sundbaujur sem fólk syndir með og mætti líkja við þegar sett er á sig öryggisbelti í bíl, sjósundskó og hanska. Þá ætti fólk aldrei að synda langt í sjónum einsamalt. Þá þarf að gæta vel að hitastigi sjávarins og þegar það er komið niður fyrir 5 gráðu hita er venjulega talað um sjóböð en ekki sjósund.

Erna sagði að fólk sem færi í fyrsta sinn í sjóbað eða sjósund þyrfti að passa sig á að vera ekki lengur í köldum sjónum en að hámarki fimm mínútur. Líkaminn getur ofkælst og þá getur fólk örmagnast. Hún sagði að best væri fyrir áhugasama um sjósund sem heilsubót að fara á námskeið í sjósundi þar sem farið er yfir öryggisreglur og aðlögun, „því sjórinn er hættulegur og fólk þarf að bera virðingu fyrir honum, best er að byrja rólega,“ sagði Erna.


Kostir sjóbaða og sjósunds

Erna sagði að sjórinn hafi gefið henni nýtt líf. „Ég var mjög veik manneskja á árinu 2014 til 2017. Ég var með krónískan hausverk í næstum því tvö ár sem fylgdu migreniköst tvisvar til þrisvar í viku.“ Hún lýsti því að sjóböð og sjósund hefðu bjargað lífi sínu og nú heldur hún vinsæl sjósundnámskeið.

Kostir þess að iðka sjósund nefndi Erna aukna vellíðan sem það skapar, aukna orku, dregur mikið úr streitu og bólgu í líkamanum hjaðna, æðakerfið styrkist og æðakölkun minnkar, blóðþrýstingur verður jafnari yfir lengri tíma litið, húðin verður heilbrigðari, líkaminn brennir meiri orku og dregur úr fitusöfnun. Hægt er að kynna sér sjósund og sjóböð á vef NFLÍ. ■

Mennsk menntun fyrir fullorððið fólk

Eftir Berglind Sunnu Bragadóttur



Í október síðastliðnum sótti starfsfólk Starfsmenntar skosku stofnunarinnar Scottish Wider Access Program West (SWAP) heim. Heimsóknin var liður í evrópska samstarfsverkefninu Comm(online) sem gengur út á að læra af öðrum hvernig nám er skipulagt og þá með sérstakri áherslu á uppbyggingu námssamfélaga á netinu. Verkefnið er styrkt af Erasmus+ menntaáætlun ESB. Þátttakendur í evrópska samstarfsverkefninu eru frá Belgíu, Íslandi, Makedóníu, Skotlandi og Spáni.

Nafn SWAP þýðist gróflega á íslensku sem „skoska framtakið að auknu aðgengi“ og er það nafn með rentu. Stofnunin veitir fullorðnum einstaklingum tækifæri til þess að taka aftur upp þráðinn í námi, sama hvar á leiðinni var skilið við hann. Námið er undanfaranám að háskólanámi og engar forkröfur eru gerðar um lokinn einingafjölda á vissu námsstigi til þess að hljóta aðgang að náminu. Einn aðgangsskröfurnar eru þær að hafa náð 21 árs aldri og hafa verið frá námi í 5 ár eða lengur.

35 þúsund nemendur á 35 árum

Náminu er skipt upp í tvo hluta; annars vegar bóklegt nám, sem á íslenskan mælikvarða myndi flokkast undir kjarnafög og hins vegar stuðningsfög sem falla heldur undir mjúka færni svo sem geðrækt, námstækni og skipulag. Áherslan er ekki skorðuð við að gera þátttakendur þekkingarlega undirbúna undir nám á háskólastigi heldur líka andlega undirbúna til að takast á við þær áskoranir sem náminu fylgja.

Á þeim 35 árum sem SWAP hefur verið starfandi hafa 35 þúsund þátttakendur skilað sér í háskóla- og starfsnám á vestanverðu Skotlandi að loknu undanfaranáminu. Samstarfsaðilar SWAP eru m.a. Glasgow University, Royal Conservatoire of Scotland og Glasgow Caledonian University. SWAP sér um skipulagningu námsins og uppsetningu námskrár en hver skóli fyrir sig fer með framkvæmd kennslunnar í undanfaranáminu.

Nemendur vel undirbúnir til frekara náms

Um 80% þeirra nemenda sem hefja nám í undanfaranámi SWAP ljúka því og halda áfram námi á næsta skólastigi. Eins telur stærstur hluti nemenda sig vel undirbúinn fyrir áframhaldandi nám einu ári eftir útskrift. Þeir nemendur, sem koma í gegnum SWAP-leiðina, gefa þeim sem koma hefðbundnu leiðina í háskóla- og starfsnám ekkert eftir og standa sig raunar gjarnan betur. Þetta kom fram í mörgum af samtölum okkar við kennara í samstarfsskólunum sem allir höfðu mjög jákvætt viðhorf til undanfaranámsins og nemendanna sem sækja það. Þó voru það

jákvæðar sögur nemendanna sjálfra sem snertu hvað mest við okkur gestunum.

Meðal þeirra sem sögðu sögu sína var kona sem hafði flosnað úr námi eftir sjöunda bekk í grunnskóla vegna heimilisaðstæðna og hafði haft takmarkaða trú á að hún myndi nokkurn tímann ljúka frekara námi. Þegar heimsfaraldur COVID-19 skall á var henni skellt í það hlutverk að sjá um heimakenndu barnanna sinna. Hún sagði það hafa verið mikla áskorun í fyrstu en eftir því sem á leið hefði hún farið að njóta sín meira og meira. Einn daginn hafði svo strákurinn hennar orð á því, með aðdáun í augunum, að mamma hans væri svo góð í þessu að hún ætti bara að gerast kennari. Eitthvað sem hana hafði alltaf langað til að gera en ekki haft trú á að hún gæti. Hún fór að skoða þetta meira og meira, bókaði viðtal við ráðgjafa hjá SWAP sem leiðbeindi henni um hvað væri best fyrir hana að gera. Hún lauk undanfaranáminu í fjarnámi meðan á COVID-faraldrinum stóð með góðum árangri og er nú komin vel á veg með háskólanám í kennslufræðum. Þakkar hún fjölbættum undirbúning SWAP velgengnina sem og því samfélagi sem myndaðist meðal nemenda meðan á náminu stóð.

“

Krafan er sífellt sett á nemendur að aðlagast sig að kerfinu frekar en að kerfið sé aðlagast til að svara þörfum þeirra.

Vöntun á starfsfólki og aðgangshindranir

Mikil vöntun er á fólki í hinar ýmsu starfsstéttir á Íslandi og mörgum orðum varið í þörfina á að hækka menntunarstig þjóðarinnar og gera hinar og þessar starfsstéttir meira aðlaðandi. Fáum orðum er farið um að fækka aðgangshindrunum að námi t.d. með samþættingu aðfaranáms kerfisins og með aukinni notkun raunfærnimats. Þess í stað reisum við gjarnan hindranir að námi, sem eru þess valdandi að þegar einstaklingur tekur það stóra skref að sækja um nám að nýju eftir langan tíma er svarið gjarnan „Frábært hjá þér! En fyrst þarftu að...“. Krafan er sífellt sett á nemendur að aðlagast sig að kerfinu frekar en að kerfið sé aðlagast til að svara þörfum þeirra. Fækkun aðgangshindrana þýðir ekki að það þurfi að minnka kröfurnar eða gjaldfella námið. Það þýðir að það þurfi að einfalda kerfið – líta til getu einstaklingsins og hvernig má beisla hana og nýta til fullnustu. ■

Höfundur er verkefnastjóri kynningarmála hjá Starfsmennt.

Velsæld fyrir alla

Eftir Heiði Margréti Björnsdóttur

Í Íslenskri orðabók er velsæld skilgreind sem það að lifa við góðan hag og líða vel. Skilgreiningin á hvað er góður hagur og vellíðan er í sjálfu sér afstæð og háð mati hvers og eins. Ein manneskja getur verið sátt við eitthvað sem önnur telur alls ófullnægjandi. Öll höfum við þó ákveðnar grunnþarfir, við þurfum til að mynda þak yfir höfuðið, mat og klæðnað til þess að lifa af. Til þess að dafna þarf síðan ákveðnar kjöraðstæður. Þar geta margir þættir komið til, líkt og umhverfi, stuðningur, alúð og tækifæri. Það ætti því alltaf að vera keppikefli stjórnvalda að skapa samfélag þar sem flestir lifa við kjöraðstæður svo þeir geti búið við góðan hag og líðið vel.

Til þess að tryggja velsæld samfélags þarf í fyrsta lagi að leggja áherslu á að skilgreina hvað það er sem skiptir máli,

“

Samfélagið samanstendur hins vegar af ólíku fólki í ólíkri stöðu. Við búum í heimi þar sem auðlindir eru takmarkaðar og stór hluti samfélagsins vinnur störf sem ýmist eru ólaunuð eða reiknast aðeins að takmörkuðu leyti til landsframleiðslu og þar með hagvaxtar.

í öðru lagi að taka reglulega stöðuna á því og í þriðja lagi að bregðast við þegar frávik myndast frá þeirri stöðu. Þetta hljómar einfalt en reynist flókið í framkvæmd.

Franski hagfræðingurinn Piketty kemur einmitt inn á það í nýlegri bók sinni að val á samfélagslegum mælikvörðum er í sjálfu sér hápólitískt mál. Ekki ætti að líta á neinn einn mælikvarða sem algildan og samfélagsumræðan ætti að hverfast um með hvaða hætti við mælum og skilgreinum stöðu samfélagsins.

Hvað mælingar á tekjum varðar er lykilatriði að hætta að líta til meðaltala og heildartalna. Líta verður til stöðu mismunandi hópa.

Hagvöxtur sem mælikvarði

Í efnahags- og samfélagsumræðu síðastliðin 80 ár hefur orðræðan um hagvöxt verið allsráðandi. Hagvöxtur mælir breytingu á landsframleiðslu frá ári til árs. Gjarnan er litið til landsframleiðslu á hvern einstakling. Mælieiningin hagvöxtur segir hins vegar ekkert til um tilgang vaxtarins eða hvort hann sé hagfelldur fyrir samfélagið allt. Mælikvarðinn var þróaður af bandaríska hagfræðingnum Simon Kuznets á fjórða áratug síðustu aldar. Varð hann fljótt vinsæll og útbreiddur víða um heim enda handhægara að notast við eina tölu en margar þegar meta á stöðu hagkerfis.

Samfélagið samanstendur hins vegar af ólíku fólki í ólíkri stöðu. Við búum í heimi þar sem auðlindir eru takmarkaðar og stór hluti samfélagsins vinnur störf sem ýmist eru ólaunuð eða reiknast aðeins að takmörkuðu leyti til landsframleiðslu og þar með hagvaxtar. Kuznets áttaði sig frá upphafi á takmörkunum hagvaxtar sem mælikvarða á stöðu hagkerfis og samfélags og varð síðar einn helsti gagnrýnandi aðferðafræðinnar. Nefndi hann í því samhengi að sjaldnast mætti álykta um velferð heillar þjóðar út frá landsframleiðslu hennar.

Nýjar nálganir

Takmarkanir hagvaxtar sem allsherjarmælikvarða á stöðu samfélags og takmarkanir hagfræðikenninga til að ávarpa flækjustig raunveruleikans hafa leitt til ákalls um nýjar nálganir. Bæði fræðafólk og stjórnvöld víða um heim hafa litið til nýrra og víðari viðmiða til þess að koma betur til móts við vankanta eldri aðferða. Má þar til dæmis nefna

“

Í frumvarpi til fjáráukalaga sem birtist nú í nóvember kemur orðið velsæld aldrei fyrir en þó er þar úthlutað 74 milljörðum króna til verkefna sem ekki voru fjármögnuð í fjárlögum yfirstandandi árs. Staðreyndirnar tala sínu máli, velsæld er ekki höfð að leiðarljósi þegar pólitískar ákvarðanir um forgangsöröðun eru teknar.



heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, lýðheilsuvísa, félagsvísa og mælikvarða um hagsæld og lífsgæði. Þá tala alþjóðastofnanir eins og Sameinuðu þjóðirnar, OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn fyrir því að skoða stöðu samfélags með víðari linsu en hagnætur býður upp á. Staðan er því sú að það vantar ekki mælikvarða og aðferðir þó vissulega megi alltaf bæta gæði og tímanleika þeirra. Af hverju erum við þá föst í viðjum þess að ræða fyrst og fremst um fjárhagslegar stærðir í stað annarra viðmiða?

Pólitísk forgangsörðun, velsæld en ekki eingöngu hagnætur

Það sem vantar upp á er notkun þessara upplýsinga við pólitíska ákvarðanatöku. Greinargóðar upplýsingar um jafnrétti, umhverfi og stöðu einstakra hópa eiga að veita jafn þungt og fjárhagslegar upplýsingar þegar kemur að ákvarðanatöku. Ákvarðanir ættu alltaf að taka mið af

talað um að halda eigi utan um tölfraði um velsæld – en það ekki tengt árangri. Í frumvarpi til fjárlaga sem birtist nú í nóvember kemur orðið velsæld aldrei fyrir en þó er þar úthlutað 74 milljörðum króna til verkefna sem ekki voru fjármögnuð í fjárlögum yfirstandandi árs. Staðreyndirnar tala sínu máli, velsæld er ekki höfð að leiðarljósi þegar pólitískar ákvarðanir um forgangsörðun eru teknar. Þar verðum við að gera betur ef við ætlum að leysa þær stóru samfélagslegu áskoranir sem við stöndum frammi fyrir og líta jafnframt til afleiðinga þess að ávarpa þær ávallt út frá skammtíamastöðu ríkissjóðs. Viðfangsefni líkt og öldrun þjóðarinnar, loftslagsmál og geðheilbrigði biða ekki úrlausnar þar til ríkissjóður nær jafnvægi.

Gerum betur

Ísland stendur framarlega miðað við marga samfélagslega mælikvarða og því ber að fagna. Á sama tíma verðum við

“

Ákvarðanir ættu alltaf að taka mið af samfélagslegum áhrifum og velsæld allra íbúa en ekki eingöngu fjárhagslegum áhrifum. Hér á landi eru umsvif ríkissjóðs og stefna ríkisstjórnarinnar hverju sinni bundin umgjörð sem lög um opinber fjármál skapa. Orðið velsæld kemur hvergi fyrir í þeim lögum, hið sama á raunar við um orðin íbúi eða fólk.

samfélagslegum áhrifum og velsæld allra íbúa en ekki eingöngu fjárhagslegum áhrifum. Hér á landi eru umsvif ríkissjóðs og stefna ríkisstjórnarinnar hverju sinni bundin umgjörð sem lög um opinber fjármál skapa. Orðið velsæld kemur hvergi fyrir í þeim lögum, hið sama á raunar við um orðin íbúi eða fólk. Í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2023–2028 var lagt upp með sex velsældaráherslur sem tengdar voru inn í texta 35 málefnasviða. Þegar síðan kemur að útfærslu á fjárveitingum í frumvarpi til fjárlaga birtist orðið velsæld í tveimur málefnasviðum og í tveimur til viðbótar er



að hafa metnað til að gera alltaf betur. Staðan nú er sú að gæðum er misskipt, tugir þúsunda heimila eiga erfitt með að ná endum saman, 40% tekjulægstu fjölskyldnanna eiga nánast ekki neitt, við erum ekki að ná loftslagsmarkmiðum okkar og geðheilbrigði ungs fólks hérlandis fer snarversnandi. Fögnum því sem vel er gert en gerum betur þar sem þess er þörf. Leggjum úr sér gengnar linsur til hliðar og setjum velsæld allra í fyrsta sæti. ■

Höfundur er hagnætur hjá BSRB.

Ábyrgð í orkunotkun og matvælaöryggi

Eftir Davíð Örn Jóhannsson

Vegna hækkandi orkuverðs munu a.m.k. 60 prósent tómataræktenda í Svíþjóð ekki rækta í vetur og fregnir hafa borist frá Noregi um að uppskeru hafi verið hent vegna rúmlega tíföldunar á orkuverði. Sama á sér stað viðs vegar í álfunni og ekki sér fyrir endann á hækkun raforkuverðs í náinni framtíð. Þessi þróun er ógnvænleg og mun stuðla að síhækkandi afurðaverði og vaxandi verðbólgu. Að auki höfðu mestu þurrkar Evrópu undanfarin 500 ár áhrif á uppskeru auk innrásar Rússa í Úkraínu sem hefur haft gríðarlegar neikvæðar afleiðingar á matvælakeðjur heimsins.



Ný tækni dregur úr orkuþörf

Nú nýverið, á opnum fundi Samorku í Hörpu, talaði Almar Barja, fagsviðsstjóri Samorku, um grafalvarlega stöðu sem komin er upp varðandi hitaveitumál á Íslandi. Hann sagði á fundinum að líkur væru á að grípa þyrfti til skerðingar á heitu vatni til heimila og atvinnulífs ef upp kæmu lengri kuldaskeið á komandi vetri. Enn fremur leiðir uppgjör Landsvirkjunar fyrir fyrstu 9 mánuði ársins 2022 í ljós að ekki sé hægt að verða við nýrri eftirspurn um orku því orkukerfi landsins sé nú þegar fullnýtt, bæði með

tilliti til afls og orku og óhjákvæmilega þurfi að forgangsraða orkusölu við þessar aðstæður. Bæstast þessi tíðindi við þá fjölpættu vá sem steðjar að matvælaöryggi þjóðarinnar um þessar mundir. Með nútímataekni má þó draga verulega úr því álagi sem ylrækt leggur á hitaveitukerfi landsins og sem betur fer úr þörfinni á frekari virkjunum sem kallað er eftir.

Um 20 hektarar gróðurhúsa eru á Íslandi en þau nýta um 317GWh eða um 16GWh/ha. Í formi jarðvarma eru 237GWh nýtt í þennan atvinnurekstur og 80GWh af raforku. Fara því um 75 prósent orkunnar í upphitun ræktunarrýma sem er í sambærilegu hlutfalli við ræktun í Hollandi, nema heildarorkuþörfin er umtalsvert minni eða 3GWh/ha. Á sama tíma þurfa Íslendingar að bæta upp gríðarlegan mun

á náttúrulegu ljósmagni til þess að framleiða sambærilegar afurðir grænmetis eins og t.d. Hollendingar.

Næring minnkar við geymslu og flutning

Um 60 prósent ávaxta og grænmetis sem Íslendingar neyta eru innflutt fyrir um 12 milljarða króna á ári en rannsóknir sýna fram á að næringargildi grænmetis hríðfellt á einungis fáeinum dögum eftir uppskeru. Til að mynda eru 15–77 prósent C-vítamíns horfin í afurðunum á einungis 7 dögum eftir uppskeru þó það sé geymt við bestu mögulegu aðstæður. Sama á við um fjölmörg önnur mikilvæg næringarefni sem eru í ávöxtum og grænmeti. Frá uppskeru líða í mörgum tilfellum vikur áður en vara ratar á disk neytanda og má því segja að gríðarlegri orku og fjármunum sé varið í að flytja næringarlitlar og í sumum tilfellum næringasauðar vörur á milli landa.

Lausnir til sparnaðar á orkunotkun

ABC Lights ehf. er íslenskt sprotafyrirtæki sem hefur hlotið styrki úr Matvælasjóði og Tækniþróunarsjóði til þróunar á orkusparandi lausnum til ræktunar matvæla. Meginmarkmiðið



er að draga úr orkunotkun, lækka orkukostnað og auka gæði og magn matvæla sem ræktuð eru í gróðurhúsum. Til þess að styðja við þetta markmið hefur fyrirtækið þróað ABC Smart Farm sem er fullbúið snjallgróðurhús sem sparar 60% orku miðað við ræktun í

hefðbundnum gróðurhúsum. Gróðurhúsið er fullinangrað og hitastýrt og er öllum umhverfisþáttum og ljósmagni stýrt af mikilli nákvæmni svo hámarka megi uppskeru og gæði hennar. Með þessum lausnum er möguleiki á að spara allt að 160GWh miðað við núverandi ræktun ásamt að opna möguleika á að hámarka uppskeru og gæði.

Frumgerð ABC Smart Farm mun líta dagsins ljós nú í vetur og verður hún sett upp í Hjartagarðinum, en þar verður framleitt grænmeti fyrir veitingastaðinn Monkeys, sem er á sama stað. Frumgerðin er hluti af verkefninu „Snjallasta gróðurhúsið“ sem hlaut úthlutun úr Matvælasjóði 2022. ■

Höfundur er tæknistjóri ABC Lights ehf.



Öld

auðhyggju eða samhyggju?

Staða verkalyðshreyfingarinnar á 21. öld

Sigurður Pétursson, sagnfræðingur, skrifar um sögu verkalyðshreyfingarinnar og verkalyðspólitíkina.

Öld alþýðunnar er 20. öldin réttilega nefnd. Aldrei fyrr né síðar í sögunni náði almenningur að setja slíkt mark á þróun samfélagsins. Alþýða til sjávar og sveita myndaði samtök til að bæta stöðu sína, tryggja réttindi sín og setja mark sitt á stjórnámál. Verkalyðshreyfingin og samvinnuhreyfingin voru tveir sterkustu þræðirnir í þeirri taug. Samfélagshreyfingar sem breyttu valdahlutföllum samfélagsins almenningi í hag.

Hvernig er valdahlutföllum auðvalds og almennings háttað nú þegar fimmtungur nýrrar aldar er liðinn? Hvort verður 21. öldin tímabil auðmagnsins eða almennings?





Síðustu fjóra áratugi hefur vald fjármagns og fyrirtækja vaxið á kostnað almennings. Í iðnríkjum Vesturlanda hörfar verkalyðshreyfingin á öllum vígstöðvum, félagsaðild hrynur og áhrif hennar á löggjöf og efnahagsmál dvína stöðugt. Stofnanavæðing verkalyðshreyfingarinnar lamar virkni og möguleika hennar til að marka þróun þjóðfélagsins. Frá þessari þróun má finna undantekningar, sérstaklega í fátækari ríkjum í Rómönsku Ameríku, en oftar en ekki grípur almenningur til fálmkennendra viðbragða sem oft enda í uppgjöf og fylgi við öfgastefnur á hægri kantinum. Valkostir vinstri manna virka ekki. Stofnanabundin verkalyðsfélög og hægfara umbótaflokkar megna ekki að breyta valdahlutföllum í samfélaginu. Hvernig verður þessari öfugþróun snúið við? Getum við lært eitthvað af sögunni?

Samstaða og völd

Verkalyðshreyfingin varð til sem baráttutæki réttindalausss fólks. Vinnandi alþýðu sem ekkert vald hafði yfir lífi sínu, engin samtök til að semja fyrir sína hönd, engin lög sem tryggðu rétt þess. Fólkið hafði ekki einu sinni kosningarétt, nema eiga eignir.

Bændurnir voru fyrri til. Margir bændur fengu stjórnmalaréttindi þegar leið á 19. öld og kaupfélögin voru þeirra leið til efnalegs sjálfstæðis. Með samvinnuhreyfingunni náðu bændur að breyta valdahlutföllum til langs tíma. Kaupmenn og heildsalar réðu ekki lengur einir verðlagi á afurðum bænda og innkaupum. Samtök bænda og síðar kaupfélög bænda og neytenda urðu mikilvægt valdataeki í íslensku samfélagi alla síðustu öld. Samvinnuhreyfingin staðnaði, hætti að skera sig úr sem hagsmunaafl almennings eða neytenda. Kaupfélögin dagaði flest uppi – en hvað með verkalyðsfélögin?

Verkalyðsfélögin voru veikburða í fyrstu. Þau einbeittu kröftum sínum frekar að sjálfshjálpi en að gera kröfur á atvinnurekendur

um bætt kjör. Samtökin voru óreynd og félagsþroskinn fátækur. Samhjálp var lykilatriðið í sameiginlegum innkaupum á feittmeti og kolum eða koma upp sameiginlegum kartöflugörðum. Þannig var með Verkamannafélagið Dagsbrún og fleiri félög á fyrstu árum þeirra.

Félög sem vildu reyna á styrk sinn og samstöðu með kröfugerð og verkfalli voru oft á tíðum brotin niður með harkalegum hætti. Fólki var bægt frá vinnu, ófélagsbundið verkafólk ráðið í staðinn, körlum att gegn konum og jafnvel voru börn verkfallsmanna ráðin í þeirra störf. Þannig varð niðurstaðan á Ísafirði árið 1906 þegar fjölmennt félag karla og kvenna var brotið á bak aftur.

Neyðin kennir ekki aðeins naktri konu að spinna, hún kenndi líka alþýðunni að styrkja böndin. Með aukinni reynslu og það sem var ekki síður mikilvægt, með hugmyndafræði jafnaðarstefnunnar, náðu verkalyðsfélögin að treysta stöðu sína, mynda stjórnmalavettvang og sækja fram á tveim vígstöðvum samhliða. Verkalyðsstéttin varð efnahagsleg og pólitísk stærð, sem ekki var hægt að sniðganga. Í gegnum verkalyðshreyfinguna og stjórnmalaflokka sem henni tengdust náði almenningur að sækja ný og áður óþekkt réttindi: Kosningarétt til sveitarstjórna og Alþingis, meirihluta í nokkrum kaupstöðum landsins, löggjöf um vinnuvernd, verkamannabústaði, almannatryggingar, orlof og lífeyrissjóði. Einnig samningsstöðu gagnvart atvinnurekendum, bætt laun, styttri vinnutíma, matar- og kaffitíma, veikindarétt, sjúkrasjóði, sumarfrí, öryggi á vinnustað. Öll þessi réttindi náðust fram með baráttu verkalyðshreyfingarinnar í samningum við atvinnurekendur, en ekki síður með stjórnmalabaráttu jafnaðarflokka á Alþingi og þátttöku í ríkisstjórnun.

Velferðarþjóðfélagið dafnaði

Á árunum eftir 1945 var staða verkalyðshreyfingarinnar og stjórnmalaflokka sem henni tengdust mjög sterk um alla Evrópu. Verkamannaflokkar og sósíalistar voru í ríkisstjórn í flestum löndum þar sem lýðræði var tryggt eða var endurreist að lokinni styrjöld. Almannaþjónusta og lykilatvinnuvegir voru

“

Neyðin kennir ekki aðeins naktri konu að spinna, hún kenndi líka alþýðunni að styrkja böndin. Með aukinni reynslu og það sem var ekki síður mikilvægt, með hugmyndafræði jafnaðarstefnunnar, náðu verkalyðsfélögin að treysta stöðu sína, mynda stjórnmalavettvang og sækja fram á tveim vígstöðvum samhliða. Verkalyðsstéttin varð efnahagsleg og pólitísk stærð, sem ekki var hægt að sniðganga.



Verkalýðshreyfingin var sköpuð til að breyta valdahlutföllum í samfélaginu. Á síðustu árum hefur nýr tónn heyrst úr herbúðum verkalýðsfélaga. Herskárri tónn, raddir sem vilja breyta valdahlutföllum. Staðnaðri samstöðu er hafnað. Hafnað er þeirri leið að láglæunafólk sætti sig við brauðmola af borði hinna hærra launuðu, hvort sem er utan eða innan stéttarfélaganna. Kröfur eru gerðar í nafni láglæunafólks til að breyta tekju- og eignaskiptingu þjóðfélagsins.

Þjóðnýttir eða settir undir félagslegan rekstur. Réttindi allra til heilbrigðisþjónustu, lífeyris, atvinnuleysisbóta, húsnæðis og frístunda voru tryggð. Síðast en ekki síst var rétturinn til menntunar og fræðslu tekinn úr höndum forréttindastétta. Almennungi var tryggð skólaganga og aðgangur að æðri menntun. Öld alþýðunnar var gengin í garð og virtist geta sigrað heiminn.

Leið jafnaðar, lýðræðis og mannréttinda í iðnríkjum Vesturlanda átti blómaskeið eftir miðja síðustu öld. Auðmagnið virtist beislað í lög og reglugerðir og almannahagur tryggður með öflugri verkalýðshreyfingu og jafnaðarflokkum. Jafnrétti jókst með kvenréttindahreyfingunni og mannréttindasamtökum. Velferðarsamfélagið dafnaði í aldarfjórðung, en þá kom bakslagið.

Kapítalisminn var ekki sigrður. Hann fann nýjar leiðir til að tryggja framgang fjármagnsins. Auðmagnið lét ekki beisla sig til frambúðar. Það braut af sér ólarnar og reis upp sterkara en nokkru sinni fyrr, þegar velferðarkerfi Vesturlanda lenti í stöðnun og erfiðleikum með olíukrísu og stórfelldum ríkishalla eftir 1973.

Veikleikinn fólst ekki síst í að velferðin náði ekki til allra. Fátækar þjóðir, í fyrrum nýlendum í Afríku, Asíu og Suður-Ameríku, voru skildar eftir. Í skjóli vestrænna stjórnvalda náðu alþjóðlegar fyrirtækjasamsteypur að hreiðra um sig, fitna og brjóta af sér alla fjötra. Auðhringar tryggðu sér ódýran aðgang að hráefnum og mjólkðuðu auðlindir fátækra þjóða. Þeim var auðvelt að bæta kjör almennings á Vesturlöndum, með því að láta alþýðu fátækra landa borga brúsann og meira til. Auðfyrirtækin styrktu stöðu sína, þvert á landamæri einstakra ríkja. Togstreita kapítalísku lýðræðisríkjanna og kommúnistaríkjanna hjálpaði til að tryggja hernaðarlegan og stjórnmálalegan stuðning við auðfyrirtækin.

“

Verkalýðshreyfingin og stjórn mála flokkar hennar tóku á sig ábyrgðina á rekstri samfélagsins. Í stað þess að berjast fyrir breyttum valdahlutföllum tóku vinstri öflin að sér að skera niður velferðina. Þannig var brautin rudd fyrir framgang nýfrjálslyggjunnar.

Bakslagið

Bakslagið kom með krepptu velferðarkerfanna og þar erum við enn. Verkalýðshreyfingin og stjórn mála flokkar hennar tóku á sig ábyrgðina á rekstri samfélagsins. Í stað þess að berjast fyrir breyttum valdahlutföllum tóku vinstri öflin að sér að skera niður velferðina. Þannig var brautin rudd fyrir framgang



Stjórnmalaflokkar, fjölmiðlar og fleiri áhrifaöfl styðja atvinnurekendur. Sjálfstæðismenn hika ekki við að koma fram með frumvarp til laga sem myndi stórskada verkalyðsfélögin. Í nafni frelsis skal samtakaréttur almennings skertur. Réttur vinnandi fólks og frelsi skal fórnað á altari fyrirtækja og auðmanna. Verkalyðsfélögin eru aftur sett í spor sem þau stóðu í þegar fátæku fólki var att hverju gegn öðru.

nýfrjálshyggjunnar. Með alþjóðaaðmagnnið sem bakhjarl náðu hægri öflin undirtökum í efnahags- og stjórnmálum eftir 1980. Niðurskurður velferðarkerfa þýðir minni almannaréttur. Auðhyggjan felldi burt lög og reglur sem vernduðu almenning, reglur um vinnuvernd, eftirlit, vinnumarkað og starfsemi verkalyðsfélaga. Sala almannafyrirtækja svo sem samgöngufyrirtækja, símafyrirtækja, raforkuvera, vatnsveitna, heilbrigðisþjónustu og menntunar breytti valdahlutföllum samfélagsins fjármagnseigendum í hag. Þessi þróun náði hámarki á fyrsta áratug nýrrar aldar, en endaði í hruni fjármagnsmarkaða og banka árið 2008. Ísland var þar fremst í flokki, flaug hæst og hrapaði mest.

Eftir hrun

Í kjölfar bankahruns mátti almenningur takast á við skert lífskjör, hrun íslensku krónunnar, verðbólgu og himinháar greiðslur af húsnæðislánum. Vinstri stjórnin náði ekki að koma í gegn sanngjörnum samfélagssáttmála, með nýrri stjórnarskrá og réttlátara kvótakerfi í sjávarútvegi. Uppgjöf og fálmkennð viðbrögð tóku við. Sjálfstæðisflokkurinn var aftur leiddur til valda, þrátt fyrir að kjörgengi hans sé aðeins um fjórðungur atkvæða. Flokkur fjármálaafila og kvótagreifna náði aftur

lykilvöldum að auðlindum þjóðarinnar í samstarfi við miðflokkka og jafnvel vinstri flokka. Einkavæðingin smaug aftur inn, forræði fárra á fiskveiðiauðlindinni festir sig í sessi, ný stjórnarskrá með auðlindaákvæði er hvergi í auglýsingu.

Árin eftir 2008 setti verkalyðshreyfingin sig á hliðarveg. Hún var ekki lengur mótandi afl í samfélaginu. Einblínt var á kjaramál, eina markmiðið var kaupmáttur. Á sama tíma var hægri flokkum leyft að veikja heilbrigðiskerfið og menntakerfið og eyða jöfnunaráhrifum skattkerfisins. Veikir stjórnmálaflokkar á vinstri vængnum máttu sín lítils og engin tenging á milli stjórnmála og verkalyðshreyfingar. Afleiðingin var minnkandi áhrif beggja aðila og viðvarandi valdasókn hægri aflanna.

Hvað nú?

Verkalyðshreyfingin var sköpuð til að breyta valdahlutföllum í samfélaginu. Á síðustu árum hefur nýr tónn heyrst úr herbúðum verkalyðsfélaga. Herskárri tónn, raddir sem vilja breyta valdahlutföllum. Staðnaðri samstöðu er hafnað. Hafnað er þeirri leið að láglaunafólk sætti sig við brauðmola af borði hinna hærra launuðu, hvort sem er utan eða innan stéttarfélaganna. Kröfur eru gerðar í nafni láglaunafólks til að breyta tekju- og eignaskiptingu þjóðfélagsins. Þessi baráttuleið varð ofan á í síðustu samningum. Krónutöluhækkun launa var lögð til grundvallar og ríkisstjórnin neydd til að lofa úrbótum í skatta- og húsnæðismálum. Reynslan sýnir að það var skref í rétta átt, en ekki nóg.

Innanbúðaráttök um forystu fyrir ASÍ sýnir að verkalyðshreyfingin er afl sem skiptir máli. Ný forysta í fjölmennustu og í raun sterkustu verkalyðsfélögum landsins, VR og Eflingu, sýnir að enn er hægt að breyta valdahlutföllum, bæði innan verkalyðshreyfingarinnar og í samfélaginu. Þessi nýja forysta og bandamenn hennar geta sameinað launafólk og verkalyðshreyfinguna í sókn til meiri áhrifa. Kröfugerð verkalyðsfélaganna er komin fram. Framhaldið ræðst af virkni og vilja félagsmanna til að ná árangri.

Gleymum ekki að viðspyrna auðvaldsins er sterk. Stjórnmálaflokkar, fjölmiðlar og fleiri áhrifaöfl styðja atvinnurekendur. Sjálfstæðismenn hika ekki við að koma fram með frumvarp til laga sem myndi stórskada verkalyðsfélögin. Í nafni frelsis skal samtakaréttur almennings skertur. Réttur vinnandi fólks og frelsi skal fórnað á altari fyrirtækja og auðmanna. Verkalyðsfélögin eru aftur sett í spor sem þau stóðu í þegar fátæku fólki var att hverju gegn öðru. Þannig vilja þeir að auðvaldið skuli ráða og máttur samtakanna lamaður.

Nú riður á að stéttarfélag og stjórnmálaöfl sem vilja raunverulegar breytingar skynji sinn vitjunartíma. Barátta Eflingar, VR og félaga innan Starfsgreinasambandsins ræður því hvort launafólk í landinu nær aftur að endurheimta hluta af þeim áhrifum sem það náði á síðustu öld. Almenningur í landinu þarf tæki til að setja auðvaldinu skorður og breyta valdahlutföllum í landinu sér í hag. Til þess þarf sterka verkalyðshreyfingu og öflugra stjórnmálaflokka sem þora og vilja gera breytingar bæði á sviði efnahagsmála og stjórnmála. Breytingar sem leiða til raunverulegra valda almennings á nýrri öld. ■

Höfundur er sagnfræðingur.





DAGBÓKIN 2023

Þeir félagsmenn sem hafa áhuga á að eignast dagbókina fyrir árið 2023 í stærðinni A6 geta pantað hana með því senda töluvpóst á sameyki@sameyki.is og óskað eftir því að fá eina slíka senda til sín.

Einnig er hægt að hringja í Sameyki á skrifstofutíma á milli klukkan 9:00 – 16:00 alla virka daga í síma 525 8330 eða 525 8340.



SAMEYKI
STÉTTARFELAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU



Mikilvægi íslenskukunnáttu og íslenskukennslu

Eftir Eirík Rögnvaldsson



Á örfáum árum hefur orðið gífurleg fjölgun í hópi útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Fjöldi íbúa af erlendum uppruna nálgast óðum 20% landsmanna, meira en helmingur félagsmanna í næststærsta stéttarfélaginu, Eflingu, er nú þegar af erlendum uppruna og því er spáð að erlent starfsfólk verði orðið allt að helmingur vinnuafsisins fyrir miðja öldina. Það fólk sem hingað kemur talar ekki íslensku og iðulega ekki ensku heldur, en lærir samt yfirleitt ensku á undan íslensku vegna þess að enskan er notuð sem samskiptamál við Íslendinga og milli erlends starfsfólks af ólíku þjóðerni. Það er ljóst að þetta hefur mikil áhrif á stöðu íslenskunnar sem fram undir þetta hefur verið aðalsamskiptamálið – og raunar eina samskiptamálið – á Íslandi. Því miður höfum við ekki tekið á þessum málum sem skyldi.

Breytt staða íslensku í kjölfar fjölgunar útlendinga á vinnumarkaði

Áhrif þessara breytinga gætu orðið margvísleg. Það er t.d. hugsanlegt að sumir atvinnurekendur kæri sig ekkert um að erlent starfsfólk þeirra læri íslensku því að þeir óttist að það gæti þá farið að gera meiri kröfur og átta sig betur á réttindum sínum. Sú hættu er nefnilega fyrir hendi að íslenskan verði notuð, meðvitað eða ómeðvitað, til að búa til lagskipt þjóðfélag þar sem annars vegar erum „við“ – fólk sem ræður öllu í þjóðfélaginu, m.a. í krafti málfarslegra yfirburða, og situr að bestu bitunum hvað varðar menntun, tekjur o.s.frv. – og svo „hin“, fólk af erlendum uppruna, jafnvel önnur og þriðja kynslóð innflytjenda, sem hefur ekki gott vald á íslensku og kemst þess vegna hvergi áfram í skóla og á vinnumarkaði en situr eftir í láglauastörfum, áhrifalaust um umhverfi sitt og framtíð.

Hér gætu myndast einangruð samfélög þar sem íslenska væri ekki notuð – aðaltungumál væri pólska eða annað erlent mál en enska notuð sem samskiptamál við umhverfið. Fyrir utan þau áhrif sem áður er nefnt að þetta hefði á fólkið sjálft væri það vitaskuld stórhættulegt fyrir lýðræði í landinu ef til yrðu stórir hópar sem ekki ættu kost á virkri þátttöku í samfélagslegri umræðu. Það skapar

“

Það liggur fyrir að eigi íslenska að halda stöðu sinni sem aðaltungumál landsins við þessar aðstæður þarf að gera stóráttak í að kenna þeim sem hingað koma málið. Þar þurfum við öll að leggjast á eitt – stjórnvöld, atvinnurekendur, verkalýðsfélög og fólkið sjálft. Íslenskukunnátta erlends starfsfólks er nefnilega allra hagur.

grundvöll fyrir margs kyns öfgastefnur og óróa eins og fjöldi dæma frá öðrum Evrópulöndum sýnir. Þar fyrir utan myndi þetta ógna íslenskunni verulega því að það væri ekki nóg með að stórir hópar landsmanna töluðu hana ekki – við hin, sem erum íslenskumælandi, myndum verða að nota ensku margfalt meira en áður í samskiptum við þau sem ekki kynnu málið og notkunarsvið málsins þar með dragast saman.

Íslenskukunnátta er allra hagur

Það liggur fyrir að eigi íslenska að halda stöðu sinni sem aðaltungumál landsins við þessar aðstæður þarf að gera stóráttak í að kenna þeim sem hingað koma



málið. Þar þurfum við öll að leggjast á eitt – stjórnvöld, atvinnurekendur, verkalýðsfélög og fólkið sjálft. Íslenskukunnátta erlends starfsfólks er nefnilega allra hagur. Atvinnurekendur fá starfsfólk sem getur sinnt fjölbreyttari störfum, fellur betur inn í samfélagið og er líklegt til að vera ánægðara. Fólkið sjálft verður sveigjanlegra og eykur möguleika sína á vinnumarkaði. Dregið er úr hættunni á því að fólk af erlendum uppruna einangrist í samfélaginu, með öllum þeim erfiðleikum og hættum sem því geta fylgt, bæði fyrir fólkið sjálft og samfélagið. Og íslenskan blómstrar – notkunarvið hennar stækkar í stað þess að dragast saman.

Auðvitað verður aldrei hægt að kenna öllum sem hingað koma íslensku, en ég hef þá trú að fólk sem ætlar sér að setjast hér að vilji læra íslensku og leggja töluvert á sig til þess, því að það átti sig á að íslenskukunnátta bætir stöðu

en að veikja hana hægt og bítandi“ sagði Halldór Benjamín Þorbergsson framkvæmdastjóri Samtakanna nýlega í viðtali á Stöð tvö.

Þessi hugmynd olli nokkru fjaðrafoki og var misjafnlega tekið – formaður Eflingar og fleiri verkalýðsleiðtogar töldu hana fráleita en Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi og fleiri fögnuðu henni. Vitanlega má deila um aðferðina en ástæðan fyrir því að ég nefndi kjarasamninga í tengslum við þetta er sú að ef fólki á að vera heimilt að nýta hluta vinnutímans til íslenskunáms hlýtur það að verða að koma fram í kjarasamningi. Það þarf alls ekki að þýða, eins og víða var haldið fram í umræðunni, að verkalýðshreyfingin þyrfti þar með að lækka launakröfur sínar eða hverfa frá einhverjum öðrum kröfum. Það má vel hugsa sér að verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur semdu um að fólki



Hvernig sem staðið verður að þessu er ég sannfærður um að það er mikilvægt fyrir erlent starfsfólk að læra íslensku til að bæta stöðu sína á vinnumarkaði og í samfélaginu. Það er t.d. vitað að margt vel menntað fólk er hér fast í láglaukastörfum sem tengjast menntun þess ekkert og getur ekki unnið við sitt fag vegna skorts á íslenskukunnáttu.

þess í samfélaginu. En margt fólk kemur hingað til skemmri dvalar, ætlar að vinna hér um tíma en hugsar sér ekki að ílendast hér. Það veit að íslenskan gagnast því hvergi nema á Íslandi og því er eðlilegt að það sé ekki ginnkeypt fyrir því að verja miklum tíma í íslenskunám. En ef um er að ræða fólk í þjónustustörfum sem þarf að hafa mikil samskipti við Íslendinga er samt hægt að ætlast til að því sé kenndur nauðsynlegasti orðaforði til að nota í samskiptum við viðskiptavini. Það er hægt að gera á tiltölulega stuttum tíma og myndi hafa jákvæð áhrif á ímynd viðkomandi fyrirtækja.

Íslenskukennsla í kjarasamningum

Í haust sló ég fram þeirri hugmynd að verkalýðshreyfingin gerði þá kröfu í væntanlegum samningum að erlendu starfsfólki yrði gefinn kostur á vandaðri íslenskukennslu í vinnutíma. Atvinnurekendur bæru kostnaðinn af þeirri vinnuskerðingu sem af þessu hlytist, en stjórnvöld kæmu á móti með því að sjá til þess að mennta hæfa kennara, greiða fyrir vinnu þeirra og útvega góð kennslugögn. Miðað við nýlegar yfirlýsingar Samtaka atvinnulífsins taldi ég ekki ástæðu til að ætla annað en kröfur af þessu tagi myndu mæta skilningi – „við hljótum að senda út hvatningu til allra sem eru í aðstöðu til þess að styrkja íslenska tungu frekar

gæfist kostur á íslenskunámi í vinnutímanum en sendi svo ríkinu reikninginn. Annað eins hefur nú gerst.

Að lokum

Hvernig sem staðið verður að þessu er ég sannfærður um að það er mikilvægt fyrir erlent starfsfólk að læra íslensku til að bæta stöðu sína á vinnumarkaði og í samfélaginu. Það er t.d. vitað að margt vel menntað fólk er hér fast í láglaukastörfum sem tengjast menntun þess ekkert og getur ekki unnið við sitt fag vegna skorts á íslenskukunnáttu. Ég held hins vegar að það sé nokkuð almenn skoðun að íslenskukennsla sem fer fram að loknum löngum vinnudegi sé ekki vænleg til árangurs. Grundvallaratriði er að kennslan fari fram á vinnutíma og helst á vinnustað –það eykur líkur á að kennslan höfði til fólksins og verði þar með árangursrík. Sem betur fer hafa nokkur fyrirtæki og stofnanir þegar hafið slíka kennslu og mjög mikilvægt er að fleiri fylgi í kjölfarið – sem fyrst. Við megum engan tíma missa. ■

Höfundur er prófessor í íslenskri málfræði og málvarslegur aðgerðasinni.

Stofnun ársins vex með þátttöku Reykjavíkurborgar í könnuninni

Eftir Axel Jón Ellenarson



Stofnun ársins, sem hefur undanfarin ár verið nokkurs konar spegill á hvernig mannauðsmálum er háttað hjá vinnustöðum ríkis og sveitarfélaga, hefur vaxið ásmegin með þátttöku Reykjavíkurborgar fyrir allt starfsfólk sitt í könnuninni. Á Stofnun ársins eru veitt verðlaun fyrir stofnun ársins, stofnun ársins borg og bær og hástökkvara ársins. Frístundamiðstöðin Tjörnin var sigurvegari í

Stofnun ársins – borg og bær á síðasta ári og sagði

Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri, við það tækifæri að á vinnustaðnum ríkti jafningjastjórnun og jafnrétti. „Hjá okkur starfar fólk af ólíkum uppruna af 28 mismunandi þjóðernum á mjög dreifðu aldursbili og við fögnum því. Þetta fólk er með fjölbreytta menntun, allt frá háskólamenntun yfir í grunnskólamenntun, sumir jafnvel ekki lokið grunnskólaprófi. Hér eru þó allir jafnir burt séð frá menntun, kyni, aldri o.s.frv. Hjá frístundamiðstöðinni er hefð að búa til vinnustaðarsáttmála sem er virtur. Einnig er gerður í upphafi starfsráðningar slíkur sáttmáli milli starfsfólks og stjórnenda.“

Í fyrra var Ríkiskaupum veitt verðlaun sem hástökkvari ársins og sagði Björgvin Vínkingsson í viðtali í tímariti Sameykis eftir að viðurkenningin var veitt stofnuninni að í öllum auglýsingum gerði Ríkiskaup ekki kröfur um menntun. „Við gerum ekki kröfu um háskólagráður heldur hvort fólk hafi reynslu í að gera það sem við þurfum að gera. Það er mikill fjöldi af sjálfærðu fólki sem hefur mikla þekkingu í t.d. greiningarvinnu án þess að vera með til þess háskólapróf. Fólk getur haft næga þekkingu og hæfni án þess að hafa upp á vasann til þess háskólapróf.“

Reykjavíkurborg bætist við með allt starfsfólk í Stofnun ársins – borg og bær

Í könnuninni tekur þátt starfsfólk í almannajónustu sem starfar á vinnustöðum ríkis, sveitarfélaga og nú líka hjá Reykjavíkurborg,

sem kemur nú í fyrsta sinn inn með allt starfsfólk burtséð frá stéttarfélagasáðild. Þema könnunarinnar eru mannauðsmál; traust til stjórnenda, virðing fyrir starfsfólki, stolt gagnvart stofnuninni, vinnuálag, launakjör, starfsandi, jafnrétti o.fl.

Stofnun ársins er samstarfsverkefni Sameykis, Fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Reykjavíkurborgar. Könnunin nær til rúmlega 25.000 manns á opinberum vinnumarkaði, en þó er almennt miðað við að starfsfólk hafi starfað á vinnustaðnum í þrjá mánuði eða lengur, þ.e. hafið störf í ágúst 2022 eða fyrr. Það viðmið er notað svo svarendur geti metið starfsumhverfi sitt með áreiðanlegum hætti. Einnig er miðað við a.m.k. 30 prósent starfshlutfall. Góð þátttaka í Stofnun ársins ýtir undir að stjórnendur taki niðurstöðurnar alvarlega og bregðist við því sem betur má fara. Stjórnendur margra stofnana hafa nýtt sér niðurstöðurnar til að bæta og styrkja innviði sinnar stofnunar og aðbúnað starfsfólks. Með því að svara könnuninni leggur starfsfólkið því sitt af mörkum svo hægt sé að styrkja innviði vinnustaðarinnar.

Þátttaka í könnuninni skiptir sköpum

Til að vinnustaðirnir fái niðurstöður birtar á lista yfir Stofnun ársins þarf svarhlutfall að vera a.m.k. 35 prósent starfandi á vinnustaðnum. Það er til mikils að vinna fyrir vinnustaðinn að vera valinn stofnun ársins því árangur í mannauðsmálum er lykilatriði að velsæld starfsfólksins. Mikilvægt er að allt félagsfólk, starfsfólk ríkis, sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar, taki þátt í könnuninni svo skýr mynd fái af stöðu vinnustaðarinnar. Meðalsvartími er um 12 mínútur. Hægt er að gera hlé með því að loka könnuninni og svo er hægt að halda áfram að svara þegar hentar. Til að halda áfram að svara er einfaldlega smeltt aftur á slóðina á könnunina sem er í tölvupóstinum sem sendur verður til félagsfólks. Þá er hægt að taka þátt í könnuninni á Mínum síðum á vef Sameykis.

Að lokum er rétt að nefna að starfsfólk getur svarað könnuninni á íslensku, ensku eða pólsku. ■

Byrði umönnunarbilsins

Eftir Mayu Staub



Á dögunum hlaut Varða – rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins styrk úr Vísindasjóði Orkuveitu Reykjavíkur, VOR, til að framkvæma rannsókn á stöðu foreldra á Íslandi með tilliti til möguleika þeirra til að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf út frá skipulagi vinnu og skólastarfs.

Fjárskortur kemur í veg fyrir nýtingu á þjónustu frístundaheimila

Það fylgja því áskoranir að samræma atvinnu- og fjölskyldulíf, ekki síst þegar börn eru á heimilinu. Vinnufyrirkomulag og kröfur vinnustaða samræmast oft illa fjölskyldulífi og þeirri ábyrgð sem fylgir umönnun og þátttöku í lífi barna. Sérstaklega geta skapast erfiðleikar þegar fólk hefur yfir takmörkuðum sveigjanleika að ráða í störfum sínum en þarf engu að síður að mæta ósveigjanlegri dagskrá leik- og grunnskólastarfsins auk annarra þarfa barna sinna.

Aðstæður vinnandi foreldra geta verið mjög misjafnar og sama á við um sveigjanleika varðandi vinnutíma sem er einna minnstur í láglau nastörfum. Þrátt fyrir að frístundaheimili bjóði upp á dvöl fyrir börn gegn nokkuð hóflegu gjaldi í samanburði við önnur úrræði, líkt og sumarnámskeið á vegum einkaaðila,

“

Þegar upp koma veikindi hjá börnum og þau komast ekki í skóla, þurfa foreldrar að bregðast við með því að taka sér frí frá vinnu og koma sér saman um hver verður heima að sinna barninu. Rannsóknir hafa sýnt að það foreldri sem þénar minna, sem oftast en ekki eru konur, er líklegt til að hafa lakari samningstöðu en það sem þénar meira.



Þrátt fyrir að Ísland komi vel út í alþjóðlegum samanburði á jafnrétti kynjanna og að hér vinnuálagi vegna heimilisstarfa og barnauppeldis.

er það ekki á færi allra að nýta sér slíka þjónustu. Í könnun Vörðu á stöðu launafólks í landinu nefndu 3,6% kvenna og 4,6% karla að fjárskortur síðastliðna tólf mánuði hefði komið í veg fyrir að þau gætu greitt fyrir frístundaheimili og er staðan einna verst meðal einstæðra foreldra. Könnuninni svöruðu 8768 manns.

Konur taka á sig meginhluta heimilisábyrgðarinnar samkvæmt innrættum viðhorfum

Þegar upp koma veikindi hjá börnum og þau komast ekki í skóla, þurfa foreldrar að bregðast við með því að taka sér frí frá vinnu og koma sér saman um hver verður heima að sinna barninu. Rannsóknir hafa sýnt að það foreldri sem þénar minna, sem oftast en ekki eru konur, er líklegt til að hafa lakari samningstöðu en það sem þénar meira. Fjölmargar rannsóknir benda til þess að í gagnkynhneigðum parasamböndum eyði konur að jafnaði meiri tíma en karlar í barnauppeldi og heimilisstörf. Ekki er óalgengt að þör,

frá 12 mánaða til 12 ára



með veik börn, en sænsk rannsókn frá 2015 sýnir að mæður með börn á leik- og grunnskólaaldri taka að jafnaði á sig 2/3 þeirra daga sem börn þeirra eru veik heima. Slík ráðstöfun hefur áhrif á tækifæri þeirra til starfsframa.

“

Fjölskylduvæn stefnumótun stjórnvalda hefur áhrif á hvernig þör deila ábyrgð á heimili og barnauppeldi. Þeim kynjaða veruleika sem hér ríkir, og gerir að verkum að fjölskylduábyrgð kvenna er ríkari en karla, er meðal annars hægt að mæta með skipulagi á innviðum samfélagsins, svo sem með samræmingu réttinda launafólks til orlofs og veikinda barna og skólastarfs í landinu.

sé ein mesta atvinnuþátttaka meðal kvenna á heimsvísu bera konur meginþungann af

sem hefja sambúð, taki síendurtekið ákvarðanir sem hygla körlunum og þeirra starfsframa. Með öðrum orðum stuðla þessar kynjuðu og hefðbundnu ákvarðanir að endursköpun kynbundins valds í samböndum þar sem körlunum er til að mynda gert kleift að vinna lengri vinnudag, þróa starfsframa sinn og auka tekjur sínar, á meðan konur þeirra taka á sig meginhluta heimilisábyrgðarinnar.

Konur eiga ekki sama möguleika á starfsframa og karlar

Þrátt fyrir að Ísland komi vel út í alþjóðlegum samanburði á jafnrétti kynjanna og að hér sé ein mesta atvinnuþátttaka meðal kvenna á heimsvísu bera konur meginþungann af vinnuálagi vegna heimilisstarfa og barnauppeldis. Eina af birtingarmyndum þessa má sjá með því að skoða fjölda kvenna umfram karla sem taka á sig hlutastörf til þess að hægt sé að mæta þörfum fjölskyldunnar og heimilisins. Um 31% starfandi kvenna á Íslandi á aldrinum 25–64 ára vann hlutastörf árið 2020 en einungis 8,7% starfandi karla. Konur eru jafnframt oftast heima

Markmiðið að varpa ljósi á viðhorf til stöðu foreldra og kortleggja misræmi

Fjölskylduvæn stefnumótun stjórnvalda hefur áhrif á hvernig þör deila ábyrgð á heimili og barnauppeldi. Þeim kynjaða veruleika sem hér ríkir, og gerir að verkum að fjölskylduábyrgð kvenna er ríkari en karla, er meðal annars hægt að mæta með skipulagi á innviðum samfélagsins, svo sem með samræmingu réttinda launafólks til orlofs og veikinda barna og skólastarfs í landinu. Markmið Vörðu með rannsókn þessari er að varpa heildstæðu ljósi á stöðu foreldra, viðhorf þeirra til breytinga og að kortleggja það misræmi sem foreldrar standa frammi fyrir. Slík greining getur orðið grundvöllur þess að hægt sé að taka stefnumótandi ákvarðanir um skipulag skólastarfs og réttindi launafólks sem hvað best muni tryggja jafnrétti kynjanna. ■

Höfundur er sérfræðingur og starfandi framkvæmdastjóri hjá Vörðu – rannsóknastofnun vinnumarkaðarins.



Ástæður þess að breytt hegðunarmynstur er ekki tekið nægilega alvarlega er væntanlega af tvennum toga: Fólk áttar sig illa á hvernig það sé gerlegt og hver áhrifin geti orðið, en líka að hugsunin er fjarlæg okkur.

Hegðunarmynstur, vinnutími og loftslagsmál

Eftir Guðmund D. Haraldsson



Við lifum á tímum þar sem verður sífellt betur greinilegt að loftslagsbreytingar eru raunverulegar og af völdum athafna fólks og heilu samfélaganna. Vísindasamfélagið, með Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál í fararbroddi, hefur lýst því yfir að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að loftslagsbreytingar eigi sér stað vegna síaukinnar losunar gróðurhúsalofttegunda og losunin komi til vegna mannglegra athafna. Það sé okkar sjálfra að

stöðva frekari loftslagsbreytingar. Meginspurning okkar tíma er: Hvernig förum við að því?

Hegðunarbreytingar forsenda framfara

Vísindafólk leggur þrífaldlega áherslu á að hegðunarbreytingar séu nauðsynlegar sem og tækniþróun til að draga úr framtíðarlosun gróðurhúsalofttegunda. Í skýrslu frá Milliríkjanefndinni frá því fyrr á árinu segir: „Minni ójöfnuður og samdráttur á neyslu á þjónustu og varningi sem sýnir fram á félagslega stöðu og að beina þess í stað sjónum að velsæld styður við aðgerðir til að takast á við loftslagsbreytingar“. Tækniþróunir eru líka nefndar:

„Rafbílar, yfir heildarlíftíma þeirra, bjóða upp á hvað mesta möguleika til að draga úr losun loftslagsbreytandi lofttegunda í flutningum á landi, sé rafmagnnið framleitt með lítilli losun [gróðurhúsalofttegunda]“. Stjórn mála umræða á Vesturlöndum, meðal valdhafa, snýst að miklu leyti um þetta siðarnefnda: Tæknilausnir, einkum orkuskipti í flutningum, jafnvel þótt flutningar séu aðeins uppspretta 15% heildarlosunar gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu. Stefnt er að orkuskiptum í öðrum geirum einnig, en áherslan er minni. Umræða um breytingar á neyslumynstri er nokkur en hefur ekki náð því að verða trúverðug í stjórn mála um, ólíkt orkuskiptum, og er síður til umræðu meðal valdhafa. Þó er augljóst af framangreindu að vísindasamfélagið tekur hegðunarbreytingar alvarlega, þær geti hjálpað okkur mikið.

Tækni-breytingar duga ekki einar og sér

Þá hafa fræðimenn bent á að tækni-breytingar einar og sér dugi varla til að stöðva loftslagsbreytingar. Þeir benda á að jafnvel þótt ný tækni komi fram sem hefur í för með sér minni losun gróðurhúsalofttegunda sé tilhneigingin sú að meiri neysla fylgi í kjölfarið, sem valdi því að losunin eykst



og jafnvel svo mikið að áhrifin af tækninýjungunum þurrkast alveg út. Þetta á til dæmis við um flugiðnaðinn, þar sem hafa átt sér stað stórstígar framfarir í orkunýtni, en stóraukin flugumferð hefur fylgt í kjölfarið sem orkunýtnin drífur að hluta til áfram og veldur aukinni losun í flugiðnaðnum í heild sinni. Tækni- og hegðunarbreytingar verði að fylgjast að til að stöðva loftslagsbreytingar.

Ástæður þess að breytt hegðunarmynstur er ekki tekið nægilega alvarlega er væntanlega af tvennum toga: Fólk áttar sig illa á hvernig það sé gerlegt og hver áhrifin geti orðið, en líka að hugsunin er fjarlæg okkur. Hér vil ég gera tilraun í stuttu máli til að varpa ljósi á hver ábatinn af hegðunarbreytingum geti orðið, bæði með tilliti til loftslagsbreytinga og okkar eigin líðan.

Hegðun og loftslagsbreytingar

Hegðun fólks er svo nátengd loftslagsbreytingum því nánast allt sem við gerum kallar á losun gróðurhúsalofttegunda. Ræktun og framleiðsla á matvælum, ferðalög, framleiðsluvarningur og flutningar og



svo framvegis – nánast allt kallar á losun, jafnvel víðsfjarri neytandanum. Sumt hefur í för með sér mun meiri eða minni losun en annað. En takist heilu samfélögunum að skipta yfir í annað neyslumynstur, sem hefur í för með sér minni losun en hið fyrra, mun það hafa merkjanleg áhrif á hraða loftslagsbreytinga til bóta. Í bland við tækni-breytingar geta áhrifin verið enn stærri.

Hagfræðingar og félagsfræðingar hafa undanfarin ár lagt fram tillögur sem miða að annars konar hegðun samfélaga og eru í þeim anda sem birtist í tilvitnuninni í skýrslu Milliríkjanefndarinnar að framan. Viðfangsefnið er langt í frá að vera einfalt, því mistök geta þýtt minni lífsgæði. Juliet Schor og Tim Jackson eru meðal þessa fræðafólks. Þau leggja til að heilu samfélögin muni verja aukinni afkastagetu hagkerfa þeirra – framleiðni sem kallað er og eykst almennt, ár frá ári – til að stytta vinnutíma og að þetta verði gert hægt og rólega yfir langan tíma, áratugi. Með þessu móti myndi neysla á hvern mann hætta að aukast sífellt og ná stöðugleikapunkti. Þetta þýðir jafnframt að losun gróðurhúsalofttegunda hættir að aukast af völdum meiri neyslu. Í bland við tækni sem losar minna af gróðurhúsalofttegundum væri samdráttur losunar mögulegur. Í stuttu máli: Í stað þess að neyta meira og vinna jafn mikið eða meira, myndum við neyta jafn mikið og vinna minna. Við eftirlétum tækninni meira af vinnunni, öðluðumst meiri frítíma, og fórnudum til þess meiri neyslu framtíðar. Lífsmynstrið myndi breytast.

Aukin framleiðni nýtt til að stytta vinnutímann

Hugsun Jackson og Schor er að nýtt lífsmynstur komi m.a. fram í gegnum kjarasamninga og ný gildi. Þetta kann að virðast fjarlægt okkur, því við erum svo vön sívaxandi neyslusamfélagi. Í reynd er nútíma neyslusamfélag aðeins um sjötugt og mótanlegt, og þá hefur aukin framleiðni oft verið nýtt til að stytta vinnutímann. Við höfum nú tækifæri til að gera enn meira af því að nýta aukna framleiðni til að stytta vinnutímann en við höfum gert síðastliðna áratugi, vinna þannig gegn loftslagsbreytingum og getum í leiðinni aukið lífsgæði okkar með meiri frítíma, hvort sem er í þágu fjölskyldulífs, vinskapa eða áhugamála. ■

Höfundur er stjórnarmaður í Öldu, félagi um sjálfbærni og lýðræði.

Rétti tíminn

Eftir Bryngeir A. Bryngeirsson



Allt í tilverunni á sinn rétta tíma. Við þekkjum það öll að við finnum gjarnan hvenær rétti tíminn er kominn fyrir miklar breytingar. Það getur verið tíminn til þess að skipta um starfsvettvang, til að stækka fjölskylduna, til þess að kaupa draumaíbúðina eða til að skrá sig í draumanámið. Að geta lesið í það hvenær rétti tíminn sé kominn er góður eiginleiki sem getur leitt okkur til mikillar gæfu og farsældar í lífinu. Yfirleitt finnum við það þegar rétta stundin rennur upp en öðru hverju þurfum við sjálf að ákveða að svo sé.

Sýnt fram á ávinning með styttingu vinnuvikunnar

Stundum er það augljóst að rétti tíminn er runninn upp. Þannig var það með vinnutímastyttinguna í síðustu samningum Sameykis og atvinnurekenda. Þegar gengið var til samninga var búið að sýna fram á ávinninginn af styttingunni með góðum og gagnlegum tilraunaverkefnum

“

Okkar viðsemjendur hafa mestan hag af því að leiðrétta launamuninn ekki fyrr en þeir eiga engra annarra kosta vöð. Á sama tíma verðum við öll af þeim tekjum sem við hefðum annars getað haft. Það skilar sér í lægri tekjum yfir starfsævina, lægri lífeyrisgreiðslum og svo framvegis.

sem sýndu skýrt fram á ávinning starfsfólks og atvinnurekenda af styttingunni. Félagsfólk Sameykis var upp til hópa þeirrar skoðunar að þessi krafa ætti að vera ein af okkar helstu í þeim samningum. Í því tilfelli voru aðilar sitt hvoru megin borðsins sammála og í samningunum fæddist virkilega gagnleg kjarabót. Vissulega voru þó ákveðnir agnár á styttingunni sem við megum alls ekki líta framhjá.

Laun milli markaða á forsendum eins

Það er þó ekki alltaf svo að báðir aðilar séu sammála um þörfina fyrir breytingar. Í hugum okkar í Sameyki er ekki nokkur vafi á að það sé löngu kominn tími á leiðréttingu launa á milli markaða. Okkar viðsemjendur eru meira að segja farnir að nálgast það ískyggilega að brenna inni á tíma. Mín tilfinning er þó sú að þeir vilji ekkert frekar gera en að draga lappirnar og bera það fyrir sig að nú sé ekki rétti tíminn til að jafna launin af því að staðan sé svo erfið. Atvinnurekendur og hagsmunasamtök í einkageiranum hafa svo viðrað þá skoðun að það væri óviðeigandi að hið opinbera væri leiðandi í launaþróun. Lesist sem svo að rétti tíminn komi aldrei til með að renna upp.



Málið er einfaldlega þannig að það er ekki endalaust hægt að leyfa hinum aðilanum að ákveða hvenær sé rétti tíminn. Okkar viðsemjendur hafa mestan hag af því að leiðrétta launamuninn ekki fyrr en þeir eiga engra annarra kosta vöð. Á sama tíma verðum við öll af þeim tekjum sem við hefðum annars getað haft. Það skilar sér í lægri tekjum yfir starfsævina, lægri lífeyrisgreiðslum og svo framvegis. Það liggur því í augum uppi að hagur félagsfólks er ekki fólgin í meðvirkni gagnvart viðsemjendum sem vilja draga lappirnar.

Af stjórnarskrá og skattheimtu

Þetta gildir ekki aðeins um kjarasamninga heldur líka um aðrar veigamiklar breytingar á samfélaginu á borð við sanngjarnari skattheimtu af fjármagnstekjum og jafnvel á löngu tímabærri upptöku nýrrar stjórnarskrár. Ráðandi öfl hafa takmarkaðan áhuga á þeim breytingum sem þurfa að eiga sér stað af því að það er þeirra hagur að tefja. Látum ekki þá sem hafa ríka hagsmuni af töfinni hafa frumkvæðið í samtalinu. Við finnum það öll sem eitt að rétti tíminn er kominn. ■

Höfundur er forstöðumaður frístundaheimilis og situr í stjórn Sameykis stéttarfélags í almannajónustu.

8.000.000.000 manna, ágirnd og Jesúbarnið

Eftir Kristófer Inga Svavarsson



15. nóvember síðastliðinn fæddist enn eitt Jesúbarnið í heiminum, Jesúbarn númer 8.000.000.000. Hvort Kaspar, Melkjór og Baltasar gáfu því gull, reykelsi og myrru kom ekki fram í fréttatilkynningu Sameinuðu þjóðanna. Hins vegar benda samtökin á að menn, karlar og konur, verði um 9 milljarðar talsins 2037, og 10 milljarðar tuttugu árum síðar, eða 2057. Þá gæti horft til vandræða um skiptingu lífsins gæða, baráttan um brauðið yrði blóðugri en nokkru sinni fyrr í sögu þessarar spendýrategundar, homo sapiens sapiens, sem obbinn af félögum Sameykis heyrir til.

Hvað er til ráða?

Afnám auðvaldsskipulagsins, kapitalismans, með gjörbyltingu hugarfars, ástríðna og hvata sem þetta tortímingarkerfi nærast ál! Afnám fimmtu

herrum; Guði og mammon“. Ennfremur: „Auðveldara er úlfalda að fara gegnum nálarauga en auðmanni að komast inn í Guðs ríki.“

Í Markúsarguðspjalli, 10. kapitula, er þessi merkilega frásögn um fyrirlitningu jólabarnsins á auði og eignafíkn:

„17. Þegar hann var að leggja af stað, kom maður hlaupandi, féll á kné fyrir honum og spurði hann: „Góði meistari, hvað á ég að gjöra til þess að öðlast eilíft líf?“

18. Jesús sagði við hann: „Hví kallar þú mig góðan? Enginn er góður nema Guð einn.“

19. Þú kannt boðorðin: „Þú skalt ekki morð fremja, þú skalt ekki drýgja hór, þú skalt ekki stela, þú skalt ekki bera ljúgvitni, þú skalt ekki pretta, heiðra föður þinn og móður.“

20. Hinn svaraði honum: „Meistari, alls þessa hef ég gætt frá æsku.“

22. En hann varð dapur í bragði við þessi orð og fór burt hryggur, enda átti hann miklar eignir.

23. Þá leit Jesús í kring og sagði við lærisveina sína: „Hve torvelt verður þeim, sem auðinn hafa, að ganga inn í Guðs ríki.“

Jólabarnið er ómyrkt í máli. Sel ALLT sem þú átt og gef fátækum, ekki aðeins þriðjung, helming eða þrjá fjórðu. Allt!

Jólabarnið helgar sig snauðum og fátækum, og á Íslandi eru vissulega margir sem leypja dauðann úr skel. 350 þúsund krónur á mánuði eru háð og spé þegar leiga fyrir tveggja herbergja íbúð er 250 þúsund á mánuði, það kostar 45 þúsund að láta draga úr sér brotinn jaxl og kíló af ýsuflökum kostar 4 þúsund krónur.

Jólabarnið mun því leggja blessun sína yfir málflytning verkalýðshreyfingarinnar þegar hún fer fram á réttlæti og sanngirni í samningum við vinnukaupendur á næstu mánuðum!

Jólabarnið mun stappa stálinu í þá sem benda Þorsteini Má og Benedikt, Guðbjörgu og Björgólfi, og öðrum íslenskum auðkýfingum, á að þeim gefist kostur á björgun sálar sinnar, frelsi frá helvítislogum, með því að afsala sér eignum sínum í hendur þeirra sem skortir flest.

Jólabarnið breiðir út faðminn og fagnar nýju systkini sínu, númer 8.000.000.000.

Jólabarnið staðhæfir að allir eigi heiminn, allir eigi gæði heimsins, allir eigi kröfu á lífi, menntun og menningu í heiminum.

Gleðileg jól. ■

Höfundur er trúnaðarmaður Sameykis á Víflsstöðum.



dauðasyndarinnar – ágirndar. Innleiðing hliðstæðrar höfuðdyggðar – örlætis og gjafmildi.

Jólabarnið segir: „Þú þjónar ekki tveimur

21. Jesús horfði á hann með ástúð og sagði við hann: „Eins er þér vant. Far þú, sel allt, sem þú átt, og gef fátækum, og munt þú fjársjóð eiga á himni. Kom síðan, og fylg mér.“

Breyttir tímar

Eftir Þórunni Magnúsdóttur

Ef einhver hefði sagt mér að í lok árs 2019 ættum við eftir að upplifa það sem gerðist á covid-tímum hefði ég sagt hann ljúga.



Ég hugsa oft til heilbrigðisstarfsmanna sem þurftu að vinna undir mjög miklu álagi og skipuðu sjálfa sig í sóttkví til að vernda skjólstaðinga sína, með því að hitta ekki vini og ættingja þegar eitthvað stóð til í fjölskyldum þeirra.

Margir vinnustaðir sendu starfsfólk sitt í heimavinnu. Ég var í þeim hópi á mínum vinnustað – en þegar byrjað var að viðra þetta fannst mér hugmyndin fáránleg! Að ég ætti eftir að sitja inn í stofu heima hjá mér, vinna í tölvunni og svara símtölum viðskiptavina.

Okkar vinnustaður fór hratt í gegnum stafrænar breytingar þannig að flestir ferlar eru mjög rafrænir, sem er mikið til bóta fyrir viðskiptavininn þar sem hann þarf ekki að fara út um allan bæ til að taka saman gögn og skila inn. Ég held að mörg fyrirtæki hafi þróast hratt á þessum stutta tíma, sem er gott og sýnir hvað við erum flest fljót að aðlagast og venjast breyttum tímum.

Minn starfsferill byrjaði fyrir alvöru í gamla



Búnaðarbankanum sem gjaldkeri þar sem upphæðir í sparisjóðsbækurnar voru handprentaðar. Eina biðröðin í bankanum var þegar útlendingar stóðu í röð og voru að skipta gjaldeyri. Þá var skylda, þegar viðkomandi

þurfti að kaupa gjaldeyri, að sýna farseðilinn. Við hin fórum ekki í röð og afgreiðslufólk reyndi sitt besta að giska á hver væri næstur í röðinni. Gjaldkeravinnan var reiknivél með rúllu og helsta atvinnutækið var plús-mínus reiknivél, einnig að merkja greiðsluseðla, ávísanir og fleira. Mér finnst ég hljóma eins og hundrað ára því margt hefur breyst síðan þá, en það eru eflaust margir sem muna þessa tíma.

Tímarnir breytast sannarlega. ■

Höfundur er sérfræðingur lánamála hjá LSR.



Hvað eiga risaeðlur og trúnaðarmenn sameiginlegt?

Eftir Helenu Sigurbergsdóttur

Bæði gömul og feit? Nei. Risaeðlur eru útdauðar en trúnaðarmenn eru í mikilli útrýmingarhættu. Maður spyr sig hvað ætli sé til ráða til að fá fólk til að taka þátt í trúnaðarstörfum fyrir sitt stéttarfélag, því oft var þörf en nú er nauðsyn að fá svör við spurningum sem hvíla á manni. Svo ef þið vitið svarið við hvernig hægt sé að fá fólk til þessarar þátttöku, þá endilega deilið því með okkur trúnaðarmönnum.



Í okkar þjóðfélagi finnst mér vera svolítið áberandi að allir telja sig eiga rétt á hinu og þessu en það gleymist svolítið að öllum réttindum fylgja skyldur. Fyrir nokkrum árum átti ég skemmtilegt samtalið við ungan mann sem ekki hafði verið lengi á vinnumarkaðnum, hann sagði mér að hann ætlaði að hætta næsta mánudag því honum hefði verið boðin betur launuð vinna hjá öðru fyrirtæki. „Já ókey,“ sagði ég „og ertu búinn að segja upp og þarftu ekki að vinna uppsagnarfrestinn?“

„Hættur í vinnunni“

Ungi maðurinn svaraði til að um væri að ræða betur launaða vinnu og hann ætlaði bara að hætta þar sem hann væri núna. Svaraði ég honum að þetta virkaði ekki svona, og hann þyrfti að virða kjarasamninga um uppsagnir. Spurði hann svo að því ef vinnuveitandi hans myndi ráða annan í hans stað, mann á lægri launum – hvort honum þætti þá eðlilegt að sér yrði sagt upp störfum vegna þess? Ungi maðurinn hafði greinilega ekki hugsað þetta til enda. Þá útskýrði ég fyrir honum að samkomulag milli launafólks og atvinnurekenda væri gagnkvæmt og um það gildi ákvæði um uppsagnarfresti á báða bóga. Þegar þarna var komið horfði

ég í tóm augu hans og sá að hann hafði ekki hugmynd um ábyrgð og skyldur sem gilda um vinnusamband launafólks og atvinnurekenda.

Vindum okkar kvæði í kross

Að þessu sögðu ætla snúa mér að smákökubakstri fyrir jólin og deila með ykkur uppskrift af þeim langbestu sörum sem ég hef á ævi minni smakkað.

Kakan

200 gr möndlur
3 ¼ dl flórsykur
1 ½ dl eggjahvítur

Kremið

1 ¼ dl sykur
1 ¼ dl vatn
4-5 eggjarauður
225 gr smjör
1 ½ msk kakó

Súkkulaðið

150 gr suðusúkkulaði
2 msk olía

Kakan: Malið möndlurnar alveg í duft og blandið saman við flórsykurinn, stíflþeytið eggjahvítur og blandið svo möndlusykrunum varlega saman við. Látið deigið í jafna toppa ofan á bökunarplötu með bökunarpappír undir. Þrýstið aðeins á toppana með tveimur fingrum. Setjið svo plötuna í ofn og bakið við 175–200 gráðu hita í 12–15 mínútur. Takið svo út og kælið.



Kremið: Sjóðið sykur og vatn saman í seigan lög sem myndar þræði þegar skeið er dyft í. Þeytið eggjarauðurnar og hellið svo sykurleginum í mjórri bunu og þeytið á meðan.

Látið kólna og bætið svo smjörunu hægt og rólega í og hrærið vel á milli. Að lokum

er síðast kakó sett í en athugið að að smjörrið þarf að vera við stofuhita. Það má líka leika sér með kremið – t.d. blanda líkjör við, Baileys eða einhverjum öðrum sem ykkur þykir góður. Smyrjið kreminu neðan á kökurnar og kælið - helst í frysti.

Súkkulaðið: Bræðið suðusúkkulaðið í vatnsbaði með olíunni (olían gefur fallegan glans á súkkulaðiþjúpinn). Auðveldara er að hjúpa kremið með súkkulaðinu sem er hitað í vatnsbaði með olíunni.

Best er að geyma kökurnar í frysti og borða þær hálf þiðnaðar með góðum kaffibolla. Sörubakstur er þolinmæðisverk.

Bestu óskir um gleðilega hátíð kæru félagar og ég vona að þið hafið það sem allra best um hátíðarnar sem og alla aðra daga því við höfum val um hvernig við bregðumst við því sem upp kemur í okkar lífi; með gremju eða gleði, þetta þarf ekki að vera flóki! ■

Höfundur er flugöryggisvörður og trúnaðarmaður fyrir Sameyki.

Einkennilegt að vinna hjá Menntamálastofnun þessi misserin

Eftir Sigurð Bjarnason

Starfsfólki Menntamálastofnunar (MMS) var brugðið þegar ráðherra mennta- og barnamála tilkynnti á starfsmannafundi 17. október sl. að stofnuninni yrði lokað, öllu starfsfólki sagt upp og nýrri stofnun komið á fót. Starfsfólki var einnig gerð grein fyrir að það gæti sótt um stöðu hjá nýrri stofnun en enginn gengi að starfi sínu vísu. Á sama fundi var kynntur til leiks nýr forstjóri sem tók strax til starfa hjá Menntamálastofnun og mun í framhaldi leiða nýja stofnun.

Eins og fréttir hafa farið af undanfarin misseri þá hefur starfsfólk ítrekað bent á að mikill stjórnumarvandi hafi ríkt innan stofnunarinnar. Niðurstöður starfsmannakannana hafa einnig endurspeglad brotalöm í stjórnun. Könnunin „Stofnun ársins“ hefur heldur ekki skilað góðum niðurstöðum síðustu

árin. Vantraust á stjórnendur og vanlíðan hefur verið mest áberandi í þeim könnunum.

Starfsmannavelta töluverð síðustu árin

Þegar núverandi ráðherra tók til starfa fyrir ári síðan var það eitt af hans fyrstu verkum að heimsækja Menntamálastofnun og í þeirri heimsókn lofaði ráðherra að það stæði ekki til að segja neinum upp störfum.

Eftir ítrekaðar ábendingar starfsfólks frá árinu 2021 um óásættanlega stjórnunarhætti innan MMS þá greip ráðherra í taumana og var forstjóri færður til í starfi í febrúar 2022. Samkvæmt niðurstöðum kannana einkenndust stjórnunarhættir af mismunun milli starfsfólks, ógnarstjórnun, einelti og ólöglegum uppsögnum. Afleiðingar þessara stjórnunarháttanna hafa leitt af sér veikindi hjá allmörgu starfsfólki til lengri og/eða skemmri tíma og kulhunareinkenni.

Trúnaðarmenn standi saman

Á tímum sem þessum er mikilvægt að stéttarfélagin og trúnaðarmenn standi þétt saman og styðji við bakið á starfsfólki.

Hjá Menntamálastofnun eru þrír trúnaðarmenn starfandi; tveir frá BHM og KÍ og einn frá stéttarfélaginu Sameyki. Trúnaðarmennirnir hafa staðið saman sem ein heild, bæði í samskiptum við starfsmannahópinn, framkvæmdastjórn stofnunarinnar og ráðuneytið.

Ráðuneytið og MMS hafa jafnframt stutt við starfsfólkið með þeim hætti að greiða götu þess varðandi t.d. sálsgæslu og gerð starfsferilskráa. Það er ljóst að margir standa á tímamótum og því er stuðningur stéttarfélaganna mikilvægur sem aldrei fyrr. ■

Höfundur er kerfisstjóri hjá MMS og trúnaðarmaður.



Jólasósan - vinur á jólum

Eftir Harald Jónasson

Það er tvennt sem skiptir máli á jólunum:

Að fá sæmilega gott þar af sokkum og svo góð sósa.

Jólamatur án jólasósu er bara matur. Með góðri sósu er hægt að ofelda hreindýrið, kalkúninn, rjúpunna eða hamborgarhrygginn að mörkum hins óætlega.

Margur myndi jafnvel mæla með því – svo sósan náði að osmósast almennilega inn í kjötið.



Grunnurinn að ljúffengri jólasósu er gott beinasóð, sorri þetta er ekki vegan. Myndi þó lyfta hnetusteikinni upp á næsta plan – en það er önnur saga. Þægilegasta, jólalegasta og jafnframt ódýrasta leiðin til að búa til beinasóð er að sjóða upp á nokkrum kjúklingavængjum. Með þessu má lyfta nokkurn veginn hvaða rétti sem er upp í næsta borð. Allt frá humarsúpunni yfir í afgangalokuna.

Soðið

Kjúklingavængir eru skornir niður á liðunum, þannig að þeir fara í þrjá búta hver. Dreifa vel úr þeim í ofnskúffu eða bakka, líka endanum, og setja rétt undir grillið í ofninum ásamt gróft skornu grænmeti, t.d. lauk, sellerí, gulrótum og papriku. Ekki setja hvítlauk í þetta skref því hann mun brenna og skemma sósunu. Hvítlaukur á reyndar ekkert heima í þessari sósu þannig að ekki nota hann.

Þegar kjúklingurinn er orðinn gullinbrúnn og grænmetið farið að taka lit, allt í lagi þótt bláendarnir séu orðnir svolítið dökkir, þá er að skúbba herlegheitunum í pott og sjóða við vægan hita í 2–24 tíma. Af því að þetta eru jólin þá er um að gera að láta þetta malla rétt undir suðu í að minnsta kosti þrjá tíma. Þeir sem vilja geta gert þetta skref í ofninum við 80–90 gráður. Yfir nótt þess vegna. Það sem verið er að gera með þessu er að soga kollagen úr beinunum og skinninu af vængjunum sem umbreytist svo í gelatín við mallið. Gelatínið skapar svo „bráðnaðimunninum“ áferð

sem næst ekki öðru vísi – og flytur bragð ekki ósvipað og fita. Þeir sem vilja ekki og/ eða nenna ekki þessu tilstandi geta brætt tvær, þrjár matarlímsplötur út í „Brun saus uten lög“ til að ná svipaðri áferð. Hinir lesa áfram.

Þeir sem eiga til auka mænu eða tvær eftir að hafa „fiðrildað“ sunnudagskjúklinginn brúka þær endilega. Nóg af kollageni þar. Á yfirborðinu getur myndast próteinfoða sem best er að ná í burtu, en þar sem við erum að búa til brúna sósu en ekki glæra súpu skiptir það ekki höfuðmáli.

Hlutföll af vatni á móti kjúklingi eru sirka einn á móti einum í grömmum talið. Einn bakki af vængjum eru sirka 650 grömm þannig að þá færðu 650 grömm af vatni út í pottinn. Og þar sem eitt gramm af vatni er einn millilíter þarf ekki einu sinni að ná í vigtina.

Ef súpugerð er á dagskrá er hægt að bæta aðeins vatni við. Upp í sirka líter per pakka af vængjum. Það sama ætti að gera ef soðið er í marga klukkutíma – til að gera ráð fyrir uppgufun. Sigta svo í gott hitapolið ílát sem ekki er rokjarnt. Gler og keramik er best. Plast þar á eftir en ekki geyma soðið í beru járn eða kopar. Þá gýs upp málmbragð sem er ekki næs.

Þetta soð er hægt að gera með nokkurra daga fyrirvara og geyma í kæli. Líka hægt að frysta og geyma í marga mánuði í loftþéttum umbúðum. Þegar soðið kólnar safnast fita ofan á og það sem undir henni er á að verða að geli eða því sem næst. Það er nákvæmlega þetta gelatín sem við erum að sækjast eftir. Ekki salta eða krydda soðið mikið. Gerum það þegar sósan er löguð.

Sósugerðin

Af því að það eru nú jólin er nánast skylda að baka sósunu upp. Enga sósujafnara hér og helst engan sósulit. Að baka upp sósu þýðir að þykkja hana með hveiti og fitu. Smjörbolla er búin til úr jöfnum hlutföllum af smjöri og hveiti – eftir vigt,

“

Af því að það eru nú jólin er nánast skylda að baka sósunu upp. Enga sósujafnara hér og helst engan sósulit.



ekki rúmmáli. Í líter af vökva þarf sirka 90–100 grömm af hvoru. Af því að sósan á að vera brún og bragðgóð er gott ráð að steikja smjörbolluna við rétt rúmlega miðlungshita í nokkra stund. Hálfu til eina og hálfu mínútu. Velta hveitinu og





smjörunu um botninn þangað til blandan tekur á sig ljósbrúnan lit og ilmar eins og af léttsteiktum hnetum. Passa að bollan dökknar hratt þegar hasarinn byrjar og brennur auðveldlega og það er óæskilegt í jólasósun.

Soðið er hrært út í, bara smá sletta fyrst, með góðum þísk. Þangað til að blandan verður eins og laus leðja. Þá er hægt að hella soðinu hraðar saman við. Muna að hræra áfram vel. Ef það koma kekkir þá er það ekki vandamálið, bara sigta þá frá. Gæti þurft örlitla smjörbollu í viðbót ef þeir eru margir – kekkirnir.

Hin eiginlega sósugerð

Þegar þarna er komið sögu er mesta erfiðið búið og fjörið getur hafist, þ.e. að smakka sósuna til. Með þessari sósuaðferð, þar sem kjúklingasoð er notað sem hlutlaust bragð, þarf að styrkja sósuna. Soðsafi af því sem fer inn í ofn eða skófir af því sem er steikt á pönnu. Hægt er að ná skófunum upp með því að hella soði, víni eða bara vatni í pönnubotninn og skrapa góðgætið upp. Blanda beggja myndar gríðargóðan kraft. Hella kraftinum því næst saman við og smakka svo til með salti og pipar. Þeir sem vilja ekki svarta dila nota hvítan pipar. Kjötkraft úr



Sama á við ef notast er við soð af hamborgarhrygg. Það er gríðarsalt og þarf að notast sparlega og draga annað salt frá. Í lokin fer svo rjómasletta – það eru jú jólin.

dós eða í kubbum er svo mjög gott að nota með. Velja þann sem passar best við en athuga þó að uppistaðan í þeim er í flestum tilfellum salt, þannig að draga að salta sósuna þangað til búið er að nota kraftinn – og smakka oft. Sama á við ef notast er við soð af hamborgarhrygg. Það er gríðarlega salt, þarf að notast sparlega og draga annað salt frá. Í lokin fer svo rjómasletta – það eru jú jólin. Gott að setja hann ekki of snemma saman við og smakka sósuna aftur eftir að hann fer út í.

Aukaleikararnir

Auk steikarsoðs, salts og pipars er oft gott að gefa sósunni smá keim af því sem er í matinn með að nota sama krydd og er á steikinni. Sparlega þó – því þótt sósan sé auðvitað aðalatriðið er hún samt sennilega ætluð til að lyfta matnum frekar en vera aðal.

Tvennt er svo annað sem þarf að hafa í huga við sósugerðina. Sýra og sæta. Þetta vill oft gleymast og þá sérstaklega sýran.

Sætuna er t.d. hægt að fá úr sultu eða hlaupi. Heimalagað rífsberjahlaup er þannig nær ómissandi út í villibráðarsösu en uppahald þess sem þetta skrifar er hins vegar hvítöl. Gamla góða hvítölið frá okkar allra besta Agli er loksins fáanlegt aftur og það er algert dúndur í jólasósuna. Geymum þó appelsínblönduna fyrir jólaborðið. Malt virkar líka en það er aðeins meira afgerandi bragð af því en af hvítölinu. Það sama má segja um stout og porter-bjóra. Allir þessir drykkir gefa bæði sætu og sýru. Það sama gera vín og þess vegna eru þau svona ægilega vinsæl í sósun. Bæði rautt og hvítt, jafnvel rósavín ef það er það eina til í skápnum. Mýsa gerir líka oft sama gagn. Er þó örlítið súrari en flest vín sem færir okkur einmitt að sýrunni. Oft þegar maturinn virðist of lítið saltaður vantar bara smá sýru til að rífa hann upp og á jölunum er best að fá hana úr ediki. Hvaða edik sem er virkar en klassíska 5% edikið er vinur okkar á jölunum. Þannig að ekki vera hrædd við edikið. Það er ómissandi í matargerð herna á norðurslóðum. Sítrónur og límónur eru vissulega líka afskaplega vinsæl sýra en suðræni keimurinn sem fylgir þeim hentar kannski ekki alveg í jólasósuna.

Punkturinn yfir i-ið

Til að búa sér í hagin má auðvitað, eins og upphaflega soðið, búa sjálfa sósuna til snemma, svo nemur jafnvel nokkrum dögum. Bragðbæta rétt í blálokin með rjóma og steikarsafa. En rétt áður en jólasósan er borin fram, hvort sem það er pakkasósa eða beinasósa, þarf að hræra matskeið eða tveimur af, helst, ósöltu smjöri út í heita sósuna. Það er gert þegar búið er að slökkva undir sósunni og gestirnir sestir. Bara nánast á leiðinni á borðið. Smjördroparnir munu glitra eins og sjálf betlehemsstjarnan þegar sósan breiðir sig yfir jólamatin. ■

Vagnstjórar eru reiðir

„Við erum mjög reiðir vegna þess að útvista á til einkaaðila öllum leiðum Strætó bs. á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Pétur Karlsson vagnstjóri hjá Strætó bs. Pétur er einnig trúnaðarmaður Sameykis á vinnustaðnum og segir að með einkavæðingu aksturshluta Strætó bs. muni reynsla tapast, þjónustan minnka og fólk missa vinnuna.



Pétur Karlsson vagnstjóri hjá Strætó bs.
Ljósmynd/Axel Jón

„Með einkavæðingu aksturshlutans fylgir verkstæðið og þvottastöðin með. Þessu starfsfólki og vagnstjórunum verður sagt upp störfum og við vitum ekkert hvað tekur við vegna þess að útséð er með að þeir ráða inn fólk á lægri launum.“ Pétur segir að skrifstofan standi þá eftir til að sinna þjónustunni fyrir landsbyggðarbílana.

„Framkvæmdastjórinn hleypti illu blóði í okkur“

Pétur segir að það sem hafi hleypt illu blóði í vagnstjóra Strætó bs. hafi verið viðtal við Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóra fyrirtækisins í fjölmiðlum þar sem hann sagðist vilja einkavæða þessa grunnþjónustu sem fyrst en hefði áður alltaf haldið því fram að fyrirtækið yrði ekki einkavætt í nánustu framtíð, eða ekki fyrir tilkomu borgarlínunnar. „Vegna þessa

viðsnúnings framkvæmdastjórans hleypti hann öllu upp í háaloft á vinnustaðnum og menn eru mjög ósáttir og reiðir. Nú vofir yfir okkur atvinnumissir en framkvæmdastjórinn er að vinna verkið núna, að einkavæða Strætó bs., samkvæmt beiðni stjórnar og hægt er að sjá í fundargerð á vef Strætó bs. Á skrifstofunni vinna um 30 manns og líklega heldur það sínum störfum áfram en við hin eigum að fara út af örkinni í önnur störf eða í sama starf á lægri launum. Okkur verður sagt upp af opinbera hlutanum og launin lækkuð í kjölfar einkavæðingarinnar og verður það ábyggilega kallað skipulagsbreyting eða eitthvað álíka,“ sagði Pétur, leiður yfir þessum ásetningi sveitarfélaganna.

Ítarlegt viðtal er við Pétur Karlsson um áform stjórnar Strætó bs. á vef Sameykis. ■

„Við viljum ekki missa vinnuna“

Hitafundur var haldinn í félagsmiðstöðinni á Grettisgötu 89 í síðasta mánuði þegar vagnstjórar af pólskum uppruna komu saman vegna fyrirætlana stjórnar Strætó bs. að einkaveiða fyrirtækið.

„Þessi fundur snýst um að kynna stöðuna sem komin er upp,“ sagði Pétur Karlsson, formaður Félags atvinnubílstjóra hjá Strætó bs. „Vagnstjórar hafa talað um að fara í mótmælaverkfall og vagnstjórar hafa lagt fram tillögu um að þeir fari í verkfall vegna þessara áforma sveitarfélaganna. Við mótmælum þessum áformum,“ sagði Pétur. Þá útskýrði hann að verkfall þyrfti að skoða vel vegna tillits til laga og kjarasamninga.

„Ef vagnstjórar færu fyrirvaralaust í verkfall myndu þeir fá skriflega áminningu og verða í kjölfarið sagt upp störfum. Samstaða allra verður að vera til staðar þegar við förum í mótmælaaðgerðir og þess vegna viljum við upplýsa ykkur um stöðuna hjá Strætó. Augljóst er að sveitarfélögin eru að fjársvelta fyrirtækið til þess að geta einkavætt það. Þetta er lævis leið að færa rök fyrir því að með einkavæðingu sparist launakostnaður. Þetta þýðir að reka á vagnstjóra til að ráða aðra á lægri launum og stinga launamuninum í eigin vasa. Launakostnaðurinn er ekki vandamálið, þetta er einungis aðferð til að færa reksturinn til ákveðinna aðila og draga úr þjónustunni. Stjórn Strætó ræður ekki við verkefnið og sveltistefna ríkisstjórnarinnar hvetur til þessa með því að veita ekki fjármunum sem hún hefur lofað til rekstrarins. Þá vilja sveitarfélögin ekki heldur standa undir

rekstrinum,“ sagði hann og í kjölfar þessara orða varð mikill klíður og köll heyrðust um salinn.

„Framkvæmdastjóri Strætó bs. er framkvæmdaaðili á verkum stjórnarinnar. Það er greinilegt því hann segir eitt en gerir annað. Hann nýtur ekki trausts okkar. Strætóbílstjóri getur verið rekinn án fyrirvara og ástæður uppsagna eru sjaldnast útskýrðar með vísun til kjarasamninga. Maður veit aldrei hvað gerist næst.



Frá fundi vagnstjóra hjá Strætó bs.

Ljósmynd/Axel Jón

Varðandi verkföll er nauðsynlegt að vinna eftir lögum og reglum. Annað er þó hægt að gera, og það er að vinna hægar, fara í eins konar hægavinnuverkfall. Við þurfum að skoða vel hvernig við bregðumst við en það verður að hafa áhrif,“ sagði Pétur við fundargesti.

Mikill hiti var í vagnstjórum því víða er pottur brotinn í samskiptum framkvæmdastjóra og starfsfólks Strætó og vilja vagnstjórnarnir vekja athygli almennings á að verið er að eyðileggja fyrirtækið. Lesa má ítarlega frétt af fundinum á vef Sameykis. ■

Áhersla á aðgerðaleysi í fjárlagafrumvarpinu

Meðal gesta á síðasta fundi ársins, 16. nóvember sl., hjá Fulltrúaráði Sameykis var Heiður Margrét Björnsdóttir, hagfræðingur hjá BSRB.

Heiður fór yfir helstu atriði fjárlagafrumvarps ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2023 og sagði að frumvarpið skipti almenning máli vegna þess að það festi þær fjárveitingar sem eru til ráðstöfunar fyrir næsta ár. Það skipti máli að gerðar væru athugasemdir við frumvarpið svo ekki væri hægt að stöðva fjárveitingar til mikilvægra mála sem varða samfélagið.

Ekki tekið tillit til ólíkra hópa

„Frumvarpið lýsir okkar hagkerfi þar sem einkaneysla hefur aldrei verið sterkari, hagvöxtur meiri og kaupmáttaraukning mikil. Þetta er svona lýsing á einu stóru góðu partíi þar sem toppnum er varla náð og allir eru með allt til alls og geta veitt sér það sem þeir vilja. Okkar sýn [BSRB] er að það er alls ekki lýsandi fyrir stöðu allra í þjóðfélaginu og ekki sé tekið tillit til ólíkra hópa, allra síst tekjulágu hópanna. Markmiðið sem ríkisstjórnin leggur út frá í frumvarpinu er að takmarka útgjöld til innviðanna og sporna við þenslu. Þar birtist það með skýrum hætti sem við höfum óttast, að það á að ná jafnvægi í ríkisfjármálum með skertri opinberri þjónustu en ekki aukinni tekjuöflun þar sem sannarlega er svigrúm til staðar.“

Villandi orðræða í frumvarpinu

Heiður vísaði til þess að að ríkissjóður hefur verið rekin með halla og við blasir að ríkisstjórnin er ekki með fjárlagafrumvarpinu að takast á við þær áskoranir sem blöstu við fjórða hverju heimili í landinu á síðasta ári þegar 38 þúsund heimili áttu erfitt með að ná endum saman samkvæmt Hagstofu Íslands.

„Þetta gerist áður en verðbólgan fer almennilega af stað og vextir fara að hækka. Í þessum hópi þeirra 38 þúsund heimila eru einstæðir foreldrar 52 prósent sem áttu erfitt með að ná endum saman. Orðræðan í frumvarpinu er sérstök. Þar er því haldið fram að um gríðarlega uppsafnaða kaupmáttaraukningu sé að ræða og það vekur athygli að frumvarpið er lagt fram í september á þessu ári en tölurnar sem notaðar eru til grundvallar eru frá ársbyrjun 2022 sem byggja að meðaltali ársins á undan. Mjög sérstakt.“

Áskoranir ekki ávarpaðar

„Það sem veldur vonbrigðum í frumvarpinu er að áskoranirnar sem við stöndum frammi fyrir eru ekki ávarpaðar og þar af leiðandi engar lausnir við þeim. Það er rosalega lítið að fréttu í þessu frumvarpi. Ef þú stingur hausnum í sandinn geturðu ekki leyst vandann sem blasir við þér. Ekki er brugðist við núverandi efnahagsástandi sem neinu nemur, verðbólgan er núna 9,4 prósent og það sér ekki fyrir endann á kaupmáttarrýrnun launafólks. Það eru nánast engar breytingar á gjaldahliðinni en á tekjuhliðinni felast breytingarnar í frumvarpinu í að leggja aukin gjöld á almenning. Þessi hækkun á gjöldum á almenning leiðir til hækkunar á verðbólgu og er verðbólguhvetjandi framkvæmd. Fjármálaráðherra

segir að þetta sé gert til að sporna gegn þenslu. Ég er enn að melta hvernig á að sporna gegn þenslu með gjaldhækkunum. Hvernig er hægt að auka verðbólgu og sporna gegn þenslu með sömu aðgerðinni?“ spurði Heiður fundargesti.

Einkavæðingarstefnu beitt til að ná niður skuldum

Bandalagið telur fullljóst að ríkisstjórnin er ekki fær um að selja bankann svo að samfélagsleg sátt náist um það. Það væri eðlilegra að ríkið beitti sér með virkum hætti sem eigandi og bætti



Heiður Margrét Björnsdóttir, hagfræðingur BSRB.

Ljósmynd/BIG

bankaumhverfið fyrir almenning í landinu. Hlutverk hagstjórnar er að beita henni til að bæta lífskjör allra þegna og tryggja að lífskjörin séu sjálfbær til framtíðar. Þegar Seðlabankinn hækkar stýrivexti hefur það áhrif á allan almenning, ekki bara suma. Þess vegna er svo mikilvægt að ríkisstjórnin bregðist við stýrivaxtahækkunum með því að styðja þá hópa sem aðgerðirnar lenda verst á. Það er sorglegt að það eru engin viðbrögð ríkisstjórnarinnar við þessu í fjárlagafrumvarpinu.“ Lýsti Heiður Margrét og lagði áherslu á aðgerðaleysið á meðan byrðar fólks þyngjast eins og allir vita – fyrir utan ríkisstjórnina sem sér þetta ekki og skilar auðu hvaða þetta varðar í frumvarpinu.

Kerfislægur halli á ríkissjóði

„Heilbrigðiskerfið er enn að jafna sig eftir heimsfaraldurinn og skortir fé til rekstrarins og uppsafnaðrar eftirspurnar eftir þjónustu. Að gera ekki neitt þýðir að ástandið muni einungis versna að mati BSRB. Það er kerfislægur halli á rekstri ríkissjóðs, þ.e. að gjöldin eru hærri en tekjurnar og það er ekki útséð að það muni breytast. Það er tilkomið vegna skattalækkana á síðasta kjörtímabili og ekkert var gert á móti til að þær væru sjálfbærar til lengri tíma. Þessi mismunur á tekjum og gjöldum helst því inni ef ekki eru sóttar tekjur til reksturs ríkissjóðs á móti. Þá beitir ríkisstjórnin aðhaldi sem bitnar á grunnþjónustunni og notendum hennar sem verða að bíða lengur eftir lækniþjónustu, fá ekki lækniþjónustu, og svo starfsfólki heilbrigðisþjónustunnar sem verður fyrir auknu álagi.“ ■

Krossgátulausn



KLÓP EPLA **K** **SKOÞUN** **Á** **FOÐMUN** **MASTUR** **S**

LÖGJAFARI **G** **A** **S** **L** **A** **M** **P** **I** **STÓR- VIKKI**

TRE **L** **E** **R** **K** **I** **UPPÁUN** **Ó** **L** **G** **A**

PÁR **K** **R** **O** **T** **TALA** **T** **Ó** **L** **F**

BLAÞTUR **S** **K** **I** **R** **H** **U** **M** **A** **R**

SKOÞA **Ó** **ÞISKUR** **GRÖÐA** **Þ** **É** **N** **A** **LEIÐIÐAÐA** **P** **E**

↓ **EONA** **Æ** **MAÞVARÐUR** **G** **I** **K** **K** **U** **R** **GAUL** **TVEIR EINS** **K** **K**

KING I **A** **L** **S** **I** **R** **AGLI** **E** **STRUNGA** **R** **I** **G** **S** **A** **DRABBA**

VIÐA **Y** **L** **J** **A** **ÓTTILTUR** **Ó** **K** **Y** **R** **R** **SÖNN** **Ó** **M** **U** **R**

ANDGATA **G** **Á** **TREIÐA** **S** **P** **A** **R** **A** **LÍÐA** **G** **L** **Æ** **Ð** **A**

LEIKNI **L** **I** **S** **T** **S** **K** **I** **AD** **V** **E** **R** **K** **E** **L** **L**

VINDA **V** **E** **R** **P** **A** **M** **K** **Ú** **N** **S** **T** **GA** **L**

Y **L** **A** **G** **Ó** **Þ** **U** **R** **Þ** **Ó** **V** **I** **N** **A** **N** **U** **M** **E** **R** **T** **A** **L** **A**

KING **M** **Æ** **L** **T** **I** **RE** **F** **U** **R** **E** **S** **I** **R**

ÞYRKNA **E** **I** **R** **A** **S** **K** **A** **T** **A** **ESPAÐ** **Æ** **S** **I** **R**

ÞREYTA **I** **D** **A** **S** **A** **L** **A** **U** **N** **A** **AFREÐ** **S** **K** **Ú** **T** **I**

SALT **H** **A** **L** **Ó** **G** **E** **N** **Ó** **L** **U** **N** **D** **TITILL** **N**

ÞEYLA **N** **I** **Ð** **A** **S** **T** **Ó** **V** **U** **N** **A** **F** **L** **Á** **T** **A** **M** **A**

SNERILL **S** **N** **A** **R** **I** **HINDA** **A** **F** **S** **T** **Ý** **R** **A**

Lausnarorðið er **Boguggi**



Sudoku lausnir



1	6	4	9	8	2	5	3	7
9	5	3	7	6	4	8	1	2
2	8	7	3	1	5	4	6	9
3	1	2	5	9	8	7	4	6
6	7	8	4	2	3	1	9	5
5	4	9	1	7	6	2	8	3
7	9	5	6	4	1	3	2	8
4	2	6	8	3	7	9	5	1
8	3	1	2	5	9	6	7	4

Lausn létt

7	4	2	6	3	8	9	1	5
3	8	9	5	7	1	4	6	2
5	1	6	2	9	4	3	8	7
2	5	1	9	6	3	7	4	8
9	3	8	4	2	7	6	5	1
4	6	7	8	1	5	2	3	9
8	2	5	3	4	9	1	7	6
1	9	3	7	5	6	8	2	4
6	7	4	1	8	2	5	9	3

Lausn miðlungs

1	3	8	4	7	9	6	2	5
6	5	7	3	2	1	4	8	9
2	9	4	6	8	5	1	7	3
8	1	9	5	4	7	3	6	2
7	6	5	1	3	2	9	4	8
4	2	3	9	6	8	5	1	7
5	4	2	7	9	6	8	3	1
3	8	1	2	5	4	7	9	6
9	7	6	8	1	3	2	5	4

Lausn erfið

5		3		9		4	7	6
		4		6				
	2			7				3
			3		9			
	3	7		1		6		
		8	7	5			4	2
9	8		6	7				
		6	4			1	8	
	4	2		8	1			


Létt

1			6			5	7	
	5							
	7		5			1		9
	9	4			1		8	3
				8			5	4
	3			6				
				1				
	1	2	9			7		
		9				4		

Miðlungs

				2		3		
								1
		8					6	2
	6			9	8	2		
					4			
9		5		1				
	8	1					3	
	2			7	9	4		
6		4				5		

Erfið



Vinningshafi krossgátunnar




Ingibjörg Jóhannesdóttir var hlutskörpust þeirra sem sendu inn krossgátulausn úr síðasta tímariti. Lausnarorðin var Boguggi sem er fáheyrt orð um fisk með langan bogalagaðan ugga eftir bakinu og tilheyrir fjölskyldu eðjufiska.

Ingibjörg er mikill krossgátusnillingur og sagðist leysa að minnsta kosti eina krossgátu á dag. Þó flestum hafi þótt síðasta krossgáta í tímariti Sameykis vera heldur snúin, var Ingibjörg ekki endilega sammála því, hún kannaðist vel við orðið Boguggi, hafði heyrt það áður og vissi að það var annað orð yfir svonefndan eðjufisk. Ingibjörg valdi sér sumarhússdvöl sem vinning og væntanlega verða nokkrar krossgátur ráðnar í dvöl hennar í sveitasælu orlofshúsanna okkar hjá Sameyki.

Við óskum Ingibjörgu innilega til hamingju með vinninginn. ■





Verðlaunakrossgáta

Krossgátan er fastur liður í tímariti Sameykis, félagsmönnum vonandi til mikillar ánægju og yndisauka. Hægt er að senda inn réttar lausnir og dregið verður úr þeim sem berast fyrir síðasta móttökudag, sem að þessu sinni er 15. janúar næstkomandi. Verðlaunin eru val á milli peningaupphæðar (20.000 kr.) eða helgardvalar í orlofshúsum

félagsins frá 15. september til 1. maí að undanskildum páskum, jólum og áramótum. Nægilegt er að senda svarið ásamt nafni, kennitölu, heimilisfangi og símanúmeri til Sameykis, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík. Vinsamlegast merkið umslagið „Krossgáta“. Einnig má senda svar á netfangið krossgata@sameyki.is ■

Óskum
félagsfólki
gleðilegra jóla
og farsældar á
komandi ári



SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAPJÓNUSTU